

SHALDOR
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



GERÐU OKKUR TILBOÐ

TAL

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

4. apríl 2011
78. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011



Fjarstæðukennd
en góð tilfinning

Laufey Haraldsdóttir vann
Gettu betur fyrst kvenna.

fólk 30

Búðin blómstrar enn

Fatabúðin við
Skólavörðustíg er 95 ára.

tímamót 16




Lítið spilað

Eiður Smári Guðjohnsen
hefur spilað í 24 mínútur
síðan hann kom til Fulham.

sport 24

veðrið í dag



VAXANDI SA-ÁTT á landinu,
víða 8-15 síðdegis. Bjart veður en
þykkjar upp og fer að rigna S- og
V-til undir kvöld. Hiti 2-8 stíg.

VEÐUR 4

Lactoghurt
daily

Einstök blanda mjólkursýrugerla



Með daglegri inntöku mjólkursýrugerla getur þú stuðlað að bættri þarmaflóru, jafnað ástand meltingarinnar og komið á jafnvægi.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag. Lactoghurt fæst í apótekum.

Þriðjungur eldri pílta hefur reykt gras þrisvar eða oftar

Ný rannsókn sýnir að á meðan dregur úr hassneyslu aukast marjúanareykingar meðal ungmenna. Þær eru nú mun algengari en hassneysla. Marjúananeysla er mun algengari hér en í nágrannlöndunum.

SAMFÉLAGSMÁL Þriðjungur pílta yfir átján ára aldri í íslenskum framhaldsskólum hefur reykt marjúana þrisvar sinnum eða oftar. Þetta er meðal niðurstaðna nýrrar rannsóknar sem unnin var af Rannsókn- og greiningu við Háskólann í Reykjavík.

Sambærileg rannsókn hefur verið gerð meðal framhaldsskólana með reglulegu millibili frá árinu 2000. Niðurstöður rannsóknarinnar frá því í fyrra verða kynntar í dag.

Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsókn- og greiningar, segir rannsóknina sýna fram á mjög góðan árangur í vímuefnaförvörnum á undanförunum árum. „Ekkert samfélag sem við þekkj-

“ Sárafáir sem ekki hafa reykt sigarettur hafa prófað marjúana, kannski eðli málsins samkvæmt.

JÓN SIGFÚSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI RANNSÓKNA OG
GREININGAR


um í heiminum státar af jafngóðum árangri,” segir hann. „Það að ná ölvunardrykkju úr 42 prósentum árið 1998 niður í 14 prósent árið 2010 er frábær árangur. Sama má segja um árangurinn í að minnka daglegar reykingar og fikt við hass.“

Hass og marjúana hefur verið aðgreint í rannsókninni frá 2009

og má þar sjá að marjúananeysla eykst milli ára og er nú orðin talsvert meiri en hassneyslan. Að sögn Jóns helst marjúananeysla mjög í hendur við sigarettreykingar. „Sárafáir sem ekki hafa reykt sigarettur hafa prófað marjúana, kannski eðli málsins samkvæmt,” segir Jón. Þá neyta strákar marjúana í mun ríkari mæli en stelpur.

Rannsókn sem gerð var meðal 16 til 19 ára ungmenna á Norðurlöndum árið 2009 leiddi í ljós að hvergi var neysla marjúana meiri en á Íslandi. Hér höfðu 22,6 prósent prófað marjúana, en næstar komu Færeyjar með 14,7 prósent. Einungis á Íslandi og í Finnlandi reyndist neysla marjúana algengari en hassneysla.

Marjúana fram yfir hass



VIÐ LEIÐI MÓÐUR SINNAR Leif Magnús Grétarsson mun innan skamms flytja til Íslands þar sem föðurfjölskylda hans býr.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Óskar P. Friðriksson hitti barnabarnið sitt loksins eftir harmleik í Noregi:

Gríðarlegt áfall fyrir drenginn

FÓLK „Það voru miklir fagnaðarfundir þegar við loksins hittum hann,” segir Óskar P. Friðriksson úr Vestmannaeyjum sem hitti átta ára gamalt barnabarn sitt, Leif Magnús Grétarsson, í síðustu viku.

Leif Magnús hefur búið hjá fösturfjölskyldu frá því að móðir hans, Heidi Thisland Jensen, var myrt á hræðilegan hátt í bænum Mandal í Noregi fyrir um tveimur vikum. Heidi var jarðsungin

í síðustu viku. Föðurfjölskylda Leifs Magnúsar var viðstödd athöfnina.

„Honum líður vel eftir atvikum en þetta var náttúrulega gríðarlegt áfall fyrir hann,” segir Óskar. „Fösturfjölskyldan var svo góð að hún flutti út úr húsinu sínu og leyfði okkur að búa þar með Leifi Magnúsi. Við fengum að heimsækja hann í skólanum – hann var með okkur öllum stundum.“

Norskur lögfræðingur vinnur nú að því að fá Leif Magnús til Íslands. „Málið þarf að fara fyrir dómstóla úti og lögfræðingurinn okkar mun fara fram á að sonur minn fái forræðið. Barnaverndarnefndin á staðnum mun styðja okkur í því,” segir Óskar sem býst við að barnabarnið komi fyrir en síðar til Eyja.

„Ég á von á því að hann verði kominn hingað um miðjan júní,” segir Óskar.

Íslendingur í Afganistan:
Múgur myrta samstarfsmenn og vini

FÓLK „Í Mazar hafa menn gengið um rólegir og nánast farið einir á markaðinn. Svo gerist eitt-hvað þessu líkt. Maður óttast því auðvitað um öryggi sitt,” segir Erlingur Erlingsson sem starfar fyrir Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) í Afganistan. Æstur múgur réðst inn á skrifstofu SÞ í borginni Mazar-i-Sharif á föstudag og varð sjö samstarfsmönnum Erlings að bana. Þar á meðal voru norsk kona og sænskur maður.

Erlingur segir árásina sýna að fólk sé hvergi óhult í Afganistan. Hann segir almenna borgara orðna langþreytta á átökunum í landinu og að ástandið í landinu sé mjög flókið.

- mbl / sjá síðu 6

ÚTSALA
Á ERLENDUM BÓKUM

Mörg hundruð áhugaverðra bókaitla með 35-70% afslætti.

35-70%
afsláttur



bóksala stúdenta
www.boksala.is

„Snilldarbók“

EGILL HELGASON / KILJAN



PBB / FT
BÓ / MBL



KOMIN Í KILJU



Kolbrún Björt, kom ekkert ABBA-babb í bátinn á frumsýningunni?

„Nei, við þurftum ekki að senda út SOS.“

Kolbrún Björt Sigfúsdóttir leikstýrir Leikfélagi Menntaskólans í Kópavogi sem frumsýndi sína útgáfu af ABBA-söngleiknum Mamma Mia á föstudag.

Íbúar Abidjans á Fílabeinsströndinni byrgja sig inni af ótta við þá sem kljást um forsetastól landsins:

Búa sig undir lokabardagann í Abidjan

FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Íbúar borgarinnar Abidjan á Fílabeinsströndinni læstu sig inni á heimilum sínum í gær, byrgðu fyrir glugga og færðu húsgögn fyrir hurðir.

Fólkið var að búa sig undir lokabardagann á milli hersveita manna tveggja sem nú kljást um forsetatignina í landinu. Einungis um 30 kílómetrar skildu í gær að um þúsund manna herlið stuðningsmanna Alassane Outtara, sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem réttkjörinn forseti, og um 700 manna stuðningsliðs fráfarandi forseta, Laurent Gbagbo, sem hefur neitað að yfirgefa forsetahöllina í kjölfar ósigursins í kosningunum í nóvember.

Lokað hefur verið fyrir vatnsstreymi til

Abidjans og eina fólkið sem sást á götum borgarinnar í gær voru hermenn, konur sem roguðust með bala að nálægu stöðuvatni og karlar sem hugðust sækja vatn í plastpoka og héldu þeim yfir höfði sér.

Sveitunum hefur þegar lostið saman með hörmulegum afleiðingum. Hundruð létust í átökum þeirra á milli í síðustu viku, sem mönnum ber ekki saman um hver átti upptökin að.

Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hefur lýst miklum áhyggjum af ástandinu og lét hafa eftir sér á laugardag að þeir sem sök ættu skyldu dregnir til ábyrgðar. Outtara segist þegar hafa fyrirskipað opinbera rannsókn á málinu.



LOKABARDAGINN Í NÁND Hersveitir Ouattara og Gbagbo hafa barist á götum úti síðustu daga.

NORDICPHOTOS/AFP

Prestar fá óvenjulegar beiðnir:

Blessun veitt við reimleikum

FÓLK Fjöldi presta á Íslandi fær reglulega fyrirspurnir um hús-blessanir ýmist vegna innflutninga og við skírnir en einnig þegar fólk upplifir óþægindi, jafnvel reimleika á heimilinu.

Séra Karl Valgarður Matthías-son hefur blessað hús allan sinn prestskap, 25 ár. „Í gegnum tíðina ber þetta við hjá mér kannski tvö til þrjú skipti á ári. Ég hef komið inn í aðstæður þar sem virkilegur og djúpur ótti hefur verið í fólkinu, eins og því hafi fundist eitthvað illt vera í kringum sig.“

Séra Gísli Jónasson í Breiðholtskirkju hefur upplifað ýmislegt við hús-blessun. „Ég hef einu sinni lent í verulegum átökum þar sem ég snarsvitnaði við blessunina. Ég hefði ekki trúað þessu sjálfur, haldið að þetta væri della fyrr en ég reyndi.“

- jma / Allt í miðju blaðsins



GUÐMUNDUR G. Fékk tæpar 8 milljónir fyrir borðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skákborð boðið upp:

Fékk tæpar 8 milljónir fyrir

SKÁK Guðmundur G. Þórarinnsson, fyrrverandi forseti Skáksambands Íslands, fékk tæpar átta milljónir króna fyrir skákborð sem boðið var upp hjá Philip Weiss í gær. Það var notað í þriðju einvígisskák Bobby Fischer og Boris Spasskí og er áritað af Fischer.

Guðmundur ákvað að bjóða borðið upp vegna fjárhagsvandráða og sagðist hann í viðtali á Stöð 2 hafa vonast til að fá tvær til þrjár milljónir fyrir borðið.

-rat



ÆFA Í LAUMI Feðgarnir Séra Hjörtur Magni Jóhannsson og Magnús Jóhann Hjartarson grípa gjarnan í borðtennispaðann á kvöldin en þeir urðu báðir Íslandsmeistarar í borðtennis á dögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Borðtennisprestur á pall með syni sínum

Feðgarnir séra Hjörtur Magni Jóhannsson og Magnús Jóhann Hjartarson eru Íslandsmeistarar í einliðaleik hvor í sínum flokki. Þeir segja hæfileikana liggja í genunum og æfa í laumi á kvöldin. Pabbi er ekkert of tapsár, segir sonurinn.

FÓLK Feðgarnir séra Hjörtur Magni Jóhannsson 52 ára og Magnús Jóhann Hjartarson 12 ára, státa báðir af Íslandsmeistararitli í einliðaleik í borðtennis. Magnús Jóhann, nemandi í Fossvogsskóla, varð Íslandsmeistari í flokki 12 til 13 ára um síðustu helgi, auk þess sem hann varð í þriðja sæti í tvíliðaleik. Faðir hans, Frikirkjupresturinn Hjörtur Magni, vann síðan titilinn Íslandsmeistari í flokki karla 50 til 59 ára á laugardaginn, og landaði einnig þriðja sætinu í tvíliðaleik.

„Ég æfði borðtennis á mínum yngri árum og átti að heita í landsliði unglinga og karla. Ég hafði

reyndar varla snert spaðann síðustu tíu ár en þetta er eins og að læra að hjóla, maður gleymir þessu ekki,“ segir séra Hjörtur Magni en hann vann einnig Íslandsmeistaratitil í einliðaleik karla 40 til 50 ára fyrir tíu árum.

Hann segir sigur þeirra feðga hafa komið skemmtilega á óvart. Hæfileikarnir liggja greinilega í blóðinu. „Strákurinn stóð sig fráberlega vel en hann hefur ekki æft nema í eitt og hálf ár. Enda var það var stoltur og tilfinningaþrunginn faðir sem fylgdist með af áhorfendapöllum,“ segir hann og hlær. „Við erum reyndar með borðtennisborð hér í kjallaranum og æfum

okkur í laumi,“ bætir hann við.

Magnús Jóhann tekur undir með pabba sínum um það að hæfileikarnir hljóti að liggja í genunum. Þegar hann er spurður hvor þeirra feðga sé betri borðtennisspilari svarar hann hógvæ: „Ég veit það nú ekki. Ég vinn reyndar aðeins oftar. Pabbi er ekkert of tapsár en það er auðvitað leiðinlegt að tapa.“

Magnús segist staðráðinn í að halda áfram að æfa borðtennis, þetta sé skemmtileg íþrótt og faðir hans bætir við að íþróttin leyni á sér. „Ólíkt því sem margir halda þá reynir borðtennis á snerpu, einbeitingu og þol. Þetta getur tekið virkilega á.“

heida@frettabladid.is

Steingrímur og Katrín skrifa: Hvetja VG-liða til að segja já

STJÓRNMÁL Formaður og varaformaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs hvetja flokksmenn til að greiða atkvæði með Icesave-samningunum í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardaginn.

„Það er sannfæring okkar að með því að kjósa JÁ þann 9. apríl séum við að lágmarka skaðann í þessu sorglega máli eins og kostur er. Með því að kjósa NEI verður óvissan framlengd og mikil áhætta tekin.“

Í því ástandi sem við búum enn við og í ljósi þess hversu endurreisnin er brýn, ekki síst til að við getum einbeitt okkar að því að ná niður atvinnuleysinu, er JÁ mun skynsamlegri kostur,“ segir í pistli sem Steingrímur J. Sigfússon og Katrín Jakobsdóttir birta á vef flokksins.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Á sjöunda þúsund atkvæði: Kjörsókn tvöfalt meiri en í fyrra

ICESAVE Töluvert fleiri hafa greitt atkvæði utan kjörfundar um Icesave-samninginn nú en jafnlöngu fyrir kjördag í fyrra.

Í gær, sex dögum fyrir kjördag, höfðu 6.317 greitt atkvæði hjá sýslumanni og síðar í Laugardalshöll en fimm dögum fyrir kjördag í fyrra hafði 2.341 greitt atkvæði.

Atkvæðagreiðslan var færð frá sýslumanni yfir í Laugardalshöll 28. mars.

-sh

Fyrirtækið sem rak olíuborðpallinn á Mexíkóflóa verðlaunar stjórnendur sína:

Bónusgreiðslur fyrir öryggismál

OLÍULEKI Fyrirtækið Transocean hefur veitt helstu yfirmönnum sínum veglegar bónusgreiðslur í tilfni góðs árangur í öryggismálum á síðasta ári. Transocean bar ábyrgð á rekstri olíuborðpalls British Petroleum (BP) á Mexíkóflóa þar sem leki olli miklu umhverfisslysi í apríl á síðasta ári og hefur, ásamt BP og olúfélaginu Halliburton-olúfélaginu, verið kennt um slysið og mengunina undan ströndum Mexíkó og Bandaríkjanna. Frá þessu er sagt á vefsíðu BBC.

Ellefu starsmenn, þar af níu sem unnu fyrir Transocean, létust þegar leikinn varð á Deepwater Horizon-olíuborðpallinum fyrir tæpu ári. Milljónir lítra af olú láku í hafið. Þrátt fyrir það fá helstu stjórnendur bónusgreiðslur þar sem fyrirtækið heldur því fram að slysum hafi fækkað og alvarleiki þeirra minnkað. Fyrirtækið segir síðasta ár hafa verið það besta frá upphafi í öryggismálum.

Frá því leikinn varð hefur Transocean haldið því fram að BP beri ábyrgð á slysinu. BP heldur því fram að Transocean sé skylt að deila sökinni.

-kg



MENGUN Milljónir lítra af olú láku í sjóinn og ellefu starfsmenn létust við lekann í apríl í fyrra.

AFP/NORDICPHOTOS

NÝTT
Lifraæn barnamjólk

Við ❤️ lifraænt

hipp.is fyrir 12 mánaða og eldri

Láttu Nova græja upp farsímamann þinn!

Netið í símann!

Fylgir í áskrift 20 kr. í frelsi
150 MB/mán. 5 MB/dag



LG Optimus One

3.490 kr.

á mánuði í 12 mánuði

2.000 kr. símnotkun
á mán. í 6 mán. fylgir!

Staðgreitt: 39.990 kr.



iPhone 4

7.990 kr.

á mánuði í 18 mánuði

3.000 kr. símnotkun
á mán. í 12 mán. fylgir!

Staðgreitt: 139.990 kr.



Ný sóknarfæri!

Sr. Guðrún Karlsdóttir prestur notfærir sér nútíma samskipti með framsæknum hætti til að ná til fólksins. Með **Facebook** í farsímanum getur hún verið í beinum tengslum við sóknarbörn sín, ekki síst af yngri kynslóðinni.



Farsími og fuglatíst!

Guðmundur Benediktsson, fyrrverandi atvinnu- maður í knattspyrnu og núverandi íþróttafréttamaður, er með **Twitter** í farsímanum sínum. Fylgstu með Gumma Ben á Twitter og fáðu allt slúðrið úr enska og íslenska boltanum beint í símann þinn.



Hvað heitir lagið?

Sigurður Guðmundsson tónlistarmaður er með **Shazam** í farsímanum. Shazam getur sagt þér hvað lagið heitir sem þú ert að hlusta á. Shazam er eitt vinsælasta tónlistarforritið fyrir farsíma í heiminum í dag.



Vasapjálfarinn!

Sara Björk, landsliðskona í fótbolta, notar **RunKeeper** í farsímanum. RunKeeper er frábært íþróttaforrit sem heldur utan um þjálfunina og árangurinn. Runkeeper birtir upplýsingar um leiðina á götukorti, lengd í km, hraða og brennslu.



Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!
NOVA

GENGIÐ 01.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP SALA | |
|-----------------|-----------|--------|
| Bandaríkjadalur | 114,27 | 114,81 |
| Sterlingspund | 183,38 | 184,28 |
| Evra | 161,58 | 162,48 |
| Dönsk króna | 21,668 | 21,794 |
| Norsk króna | 20,646 | 20,768 |
| Sænsk króna | 18,073 | 18,179 |
| Japanskt jen | 1,3646 | 1,3726 |

SDR 180,56 181,64

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,2161

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



HLUTSKÖRPUST Eyrún Eggertsdóttir hjá RÓRÓ með Gulleggið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frumkvöðlakeppni Innovit:

Róandi brúða fékk Gulleggið

NÝSKÖPUN Sprotafyrirtækið RÓRÓ hlaut Gulleggið, fyrstu verðlaun í frumkvöðlakeppni Nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs Innovit, í lokahófi keppinnar sem haldið var á laugardag.

Eyrún Eggertsdóttir stendur að baki RÓRÓ, og hefur hún þróað brúðu sem hjálpar ungabörnum að sofa betur. Að sögn Andra Heiðars Kristinssonar, framkvæmdastjóra Innovit, hyggur Eyrún nú á samstarf við heilbrigðisverkefning og lækna við áframhaldandi þróun brúðunnar.

Í fyrstu verðlaun hlaut RÓRÓ eina milljón króna og ýmiss konar ráðgjöf frá Innovit. -kg

Ungt fólk illa búíð heima:

Fá heimili með slökkvitæki

ELDVARNIR Einungis 59 prósent fólks á aldrinum 25-34 ára eru með slökkvitæki á heimilum sínum samkvæmt niðurstöðu könnunar Capacent Gallup. Færri íbúar Reykjavíkur eru með slökkvitæki en íbúar á landsbyggðinni. Þetta kemur fram á vefsíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem er einn aðila Eldvarnabandalagsins. -rat

Uppreisnarmenn í Líbíu náðu undir sig olíuborginni Brega í gærmorgun:

Hvorug fylkingin mun gefa sig

LÍBÍA, AFP Átökin halda áfram í Líbíu þar sem uppreisnarmenn berjast nú fyrir yfirráðum yfir olíuborginni Brega. Þar hafa þeir tekið yfir háskólabyggingu í útjaðri borgarinnar.

Yfirráð yfir Brega hafa gengið fram og til baka undanfarna daga en uppreisnarmenn töldu sig hafa náð yfirráðum á laugardaginn. Leyniskyttur liðsmanna Gaddafís voru þó enn virkar og meðal annars staðsettar í háskólabyggingunni. Snemma í gærmorgun náðu uppreisnarmenn undir sig byggingunni. Loftárásir liðsmanna Gaddafís



BARDAGAR Hermenn uppreisnarmanna í Líbíu náðu undir sig olíuborginni Brega í gærmorgun. NORDICPHOTOS/AFP

héldu áfram í fyrrinótt á borgina Misrata sem er síðasta stóra vígi

uppreisnarmanna í vesturhluta landsins. Að minnsta kosti einn lét lífið og margir særðust í árásinni. Liðsmenn Gaddafís létu einnig sprengjum rigna yfir bæinn Yafran í suðvesturhluta landsins.

Erfitt er að segja til um hver framvinda átakanna verður segir fréttamaður BBC í borginni Bengasí. Hvorug fylkinganna sé nógu öflug til að ná hernaðarlegri yfirburðastöðu og hvorug sé það veik að hún neyðist til að semja um frið. Nokkur þúsund manns hafa látið lífið í átökunum í landinu undanfarnar vikur. -rat

Air France-þotan fundin:

Flakið fundið eftir langa leit

FRANKLAND Flak Air France-þotunnar sem hrapaði í Atlantshafið úti fyrir Brasilíu 1. júní 2009 er loksins fundið. Franskir rannsakendur greindu frá því í gærkvöldi að það hefði fundist á síðasta sól-arhring, en létu ekki meira uppi.

Enn hefur ekki fengist skýring á slysinu, sem kostaði 228 mannlíf. Fjórdra leitin sem gerð hefur verið að svarta kassanum úr vélinni hófst í síðasta mánuði.

Franskur dómari gaf því verið út manndrapsákæru til bráðabirgða á hendur flugfélaginu. -sh

Jón telur kvótamálin enn ótengd kjaradeilu

Sjávarútvegsráðherra ítrekaði þá afstöðu sína á fundi með SA í gær að breytingar á kvótakerfinu væru alls ótengdar kjaraviðræðum. SA og ASÍ lögðu sameiginlega til breytingar á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Vonast til samið verði fyrir vikulok.

KJARAMÁL „Það er enn óbreytt afstaða ráðherra að þetta séu ótengd mál, breyting á fiskveiðistjórnunarkerfinu og kjaramál,“ segir Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, um fund sem ráðherrann átti með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins (SA) í gær.

SA og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) skiluðu ríkisstjórninni í gær sameiginlegum breytingartillögum við drög að yfirlýsingu vegna kjaraviðræðnanna sem nú standa yfir.

Ekkert er tæpt á sjávarútvegs-málunum í hinum sameiginlegu tillögum, en þau hafa verið helsti ásteytingarsteinninn í kjaraviðræðunum. Samtök atvinnulífsins hafa lagt þunga áherslu á að

Það var ekkert samkomulag gert, svo mikið er víst

BJARNI HARÐARSON
AÐSTODARMADUR JÓNS BJARNASONAR

óvissu um málaflökkinn verði eytt áður en hægt sé að ganga til samninga.

Til að freista þess að ná lendingu í málinu fundaði forysta SA með sjávarútvegsráðherra í gær.

„Það var ekkert samkomulag gert, svo mikið er víst,“ segir Bjarni um fundinn. „SA voru að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum og hugmyndum um breytingar á stjórnun fiskveiðikerfisins en það voru engar ákvarðanir teknar.“

Að sögn Vilhjálms Egilssonar,

framkvæmdastjóra SA, snúa helstu breytingartillögur þeirra við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar annars vegar að útfærslu lækkunar atvinnutryggingargjalds. Lagt er til að það verði lækkað um hátt í tvö prósentustig. Ýmis atriði geta haft áhrif á þá breytingu.

Hin meginbreytingin varðar fjárfestingar, einkum í orku- og iðnaðarhluta yfirlýsingarinnar. Vilhjálmur lýsti þeirri skoðun sinni í Fréttablaðinu fyrir helgi að allt of laust væri tekið á þeim málum í yfirlýsingunni. Hann telur afar mikilvægt að á þessu verði skerpt. „Við þurfum að vera viss í hjarta okkar um að fjárfestingarnar séu raunverulega að fara af stað,“ segir hann.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að breytingartillögurnar snúi bæði að efni og orðalagi yfirlýsingarinnar, en vill að öðru leyti lítið tjá sig um þær.

Í gær var byrjað að skoða launaliðinn fyrir viðræðunum. Gylfi telur að stefnt skuli að því að 200 þúsund króna lágmarkslaun verði meðal niðurstaðna viðræðnanna. „Við erum að nálgast það að setja ramma utan um launakostnaðarþáttinn sem gæti þá gert það að verkum að samninganefndir okkar sambanda geta farið að útfæra það í sínum samningum. Það er verkefni kvöldisins og morgunsins,“ segir Gylfi.

Vonast er til að samningar náist fyrir vikulok.

stigur@frettabladid.is
kristjan@frettabladid.is



GYLFI ARNBJÖRNSSON

BJARNI HARÐARSSON

VILHJÁLmur EGILSSON


VEÐURSPÁ

Elisabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

ÞYKKNAU UPP um sunnan og vestanvert landið í dag og má búast við vætu undir kvöld. Næstu daga verða ríkjandi vindáttir suðlæggar með heldur mildu veðri og skúrum. Það litur út fyrir fremur stífa suðvestanátt á fimmtudag.

Á MORGUN Hæg sunnanátt.

MÍÐVIKUDAGUR 5-10 m/s.



HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Alicante | 20° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 13° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 17° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 9° |
| París | 16° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkholmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Samtök lánþega standa fyrir fundi um endurútreikning og innheimtu lána sem áður voru ólöglega gengistryggð

Ekki borga aftur

það sem þegar er greitt

Opinn fundur á Grand Hótel í kvöld kl. 20:00

Á fundinum verður leitað svara við brennandi spurningum sem hafa vaknað í kjölfar endurútreikninga fjármálastofnana.

- Hvernig á ég að svara bankanum?
- Þarf ég aðstoð lögfræðings?
- Fæ ég bakreikning síðar?

Fulltrúar fjármálastofnana og stjórnvalda eru að sjálfsgöðu velkomnir á fundinn.

Sérstaklega viljum við beina því til forsvarsaðila eftirlitsstofnana á borð við **FME og Neytendastofu** að mæta og kynna sér svör fagaðila við framangreindum spurningum.

Guðmundur Andri Skúlason talsmaður Samtaka lánþega ræðir um stöðu lánþega sem standa á rétti sínum og hafna endurútreikningum.

Gunnlaugur Kristinsson lögg. endurskoðandi heldur erindi um endurútreikning lána og hvort aðferðafræðin standist ákvæði laga.

Björn Þorri Viktorsson hrl. fer yfir stöðu banka og lánþega út frá lagalegu sjónarmiði.

Að lokinni framsögu verður opnað fyrir spurningar úr sal.

Fundarstjóri verður **Gunnar Sigurðsson**.

Samtök Lánþega

Í krafti fjöldans getum við allt



Ætlar þú að mæta og greiða atkvæði um Icesave-samninginn?

| | |
|-----|-------|
| Já | 91,0% |
| Nei | 9,0% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hljópstu apríl?

Seðu þína skoðun á vísir.is



Enn unnið að því að koma í veg fyrir geislavirkan vatnsleka í Japan:

Fundu geislavirk lík starfsmanna

JAPAN Lík tveggja starfsmanna Fukushima Daiichi kjarnorkuverisins, sem létust þegar flóðbylgja skall á verið í hamförinum í Japan fyrir rúmum þremur vikum, fundust á miðvikudag. Tilkynnt var um fundinn í gær, en eyða þurfti skaðlegum efnum úr líkunum áður en hægt var að skila þeim til fjölskyldna fórnarlambanna.

Mennirnir voru 24 og 21 árs. Samkvæmt japönsku fréttastofnunni Kyodo létust mennirnir af miklum höfuðáverkum. Yfir sextíu lík hafa fundist á hamfara-

svæðunum síðustu daga, en um 16 þúsund manns er enn saknað.

Enn berst starfsfólk í kjarnorkuverinu við að koma í veg fyrir að geislavirkt vatn leki í Kyrrahafið.

Upphaflega var ætlunin að stöðva lekann með því að hella steypu ofan í tankinn. Þær tilraunir mistókust.

Yfirvöld í Japan telja ólíklegt að geislavirku efnin muni ógna heilsu fólks á svæðinu og víðar, þar sem þau muni fljótlega leysast upp í hafinu.



FUKUSHIMA DAIICHI Starfsfólk reynir að hindra útbreiðslu geislavirkra efna úr kjarnorkuverinu sem skemmdist mikið í hamförinum fyrir rúmum þremur vikum.

NORDICPHOTOS/AFP

Hryðjuverk í Pakistan:

41 lést í sjálfs-morðsárás

PAKISTAN Maður sprengdi sjálfan sig í loft upp í Punjab í Pakistan í gær með þeim afleiðingum að 41 lést. Árásin var gerð nærri hofi þar sem súfi-múslímar héldu upp á þriggja daga helgiathöfn.

Samkvæmt Reuters-fréttastofnunni hafa talíbanar í Pakistan lýst yfir ábyrgð á hermdarverkinu. Íslamistar álíta súfi-múslíma villutrúarmenn.

Árásin nú er sú þriðja á þennan fámenna hóp múslíma. Þessi árás er sú mannskæðasta.

- rat

Missti góðvini sína í árás í Afganistan

Erlingur Erlingsson er starfsmaður Sameinuðu þjóðanna í Afganistan. Samstarfsmenn hans létust í blóðugri árás múgs á skrifstofu SP á föstudag. Hann segir ástandið í landinu flókið og að landsmenn séu langþreyttir á átökunum.

FÓLK „Þetta sýnir sennilega að fólk er hvergi óhult hér í Afganistan,“ segir Erlingur Erlingsson, starfsmaður Sameinuðu þjóðanna í Afganistan. Samstarfsmenn hans og vinir voru myrtir af æstum múgi á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í borginni Mazar-i-Sharif á föstudag.

„Það varð einhvers konar múg-æsing eftir föstudagsbænir þar sem einhverjir æsingamenn komu við sögu. Eitthvað verður svo til þess að múgurinn fer að skrifstofu Sameinuðu þjóðanna þar sem menn réðu einfaldlega ekki við hundrað manna æstan múg. Afganska lögreglan greip svo ekki inn í atburðarásina heldur hélt sig til baka og fylgdist bara með,“ segir Erlingur um atburði föstudagsins.

Sjö starfsmenn Sameinuðu þjóðanna voru myrtir í árásinni, þar af 33 ára sænskur karlmaður og 53 ára gömul norsk kona. Fjórir nepalskir hermenn sem gættu skrifstofunnar féllu einnig.

Múgurinn safnaðist saman fyrir utan skrifstofuna til að mótmæla því að söfnuður í lítilli kirkju í Flórída í Bandaríkjunum brenndi Kóráninn í messu fyrir í mánuðinum. Múgurinn kirjaði slagorð gegn Bandaríkjunum og greip til ofbeldis þegar vopnaðir öryggisverðir reyndu að loka inngangi skrifstofunnar.

Erlingur er starfsmaður UNAMA, stofnunar Sameinuðu þjóðanna sem styður við uppbygginguna í Afganistan í kjölfar innrásarinnar í landið árið 2001. Hann hefur unnið í Afganistan frá því í febrúar 2009 og starfar í Kabúl. Hann segir ástandið í Afganistan flókið og erfitt að lýsa því í stuttu máli. „Almenningur er orðinn langþreyttur á átökunum. Sumir kvarta mikið yfir framferði alþjóðaherliðsins og reyndar skæruliðanna líka.



ERLINGUR ERLINGSSON Erlingur hefur starfað í Afganistan í rúm tvö ár. Hann hóf störf hjá íslensku friðargæslunni en færði sig síðar yfir til Sameinuðu þjóðanna.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Í svona átökum verður almenningur auðvitað alltaf á milli og þetta bitnar því mest á almennum borgurum,“ segir Erlingur og bætir við: „Helsta breytingin sem hefur orðið hér undanfarið er að það er komin tímalína fyrir brottför herliðsins þannig að Afganar eru smátt og smátt að taka sjálfir ábyrgð á öllum öryggismálum.“

Starfsfólk Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnanna hefur

lengst af verið tiltölulega öruggt í Afganistan en síðustu misseri hafa árásir á Sameinuðu þjóðirnar færest í aukana. Erlingur segir Kabúl nokkuð örugga en að árásin á föstudag sýni að menn séu hvergi algjörlega óhultir. „Í Mazar hafa menn gengið um rólegir og nánast farið einir á markaðinn. Svo gerist eitthvað þessu líkt. Maður óttast því auðvitað um öryggi sitt.“

magnusl@frettabladid.is

Stjórnendum framhaldsskóla hafa ekki verið kynnt drög að aðgerðapakka:

Skólameistarar bíða eftir fundi

MENNTAMÁL „Mér vitandi hefur ekkert verið rætt við stjórnendur framhaldsskóla um þessi mál. Við vitum bara að við eigum að skera niður kostnað um 5,5 prósent á þessu ári og búumst við öðru eins á því næsta. Ég sé ekki hvernig þetta á að vera mögulegt miðað við fjárveitingar til framhaldsskólanna,“ segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri.

Fram kom í Fréttablaðinu á laugardag að öllum umsækjendum í framhaldsskóla, sem eru 25 ára og yngri og uppfylla inngönguskilyrði, verði tryggð skólavist næsta haust samkvæmt drögum að aðgerðapakka sem ríkisstjórnin hefur kynnt fyrir aðilum vinnumarkaðarins.



TILLÖGUR Skólameistarar, þar á meðal Hjalti Jón Sveinsson í Verkmenntaskóla Akureyrar, bíða eftir frekari útlitunum á hugmyndum yfirvalda.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Hjalte Jón segir sjálfsagt að reyna að finna úrræði fyrir þá úr þessum aldurshópi sem hingað til

hafa ekki komist inn í framhaldsskóla. „Það verður fróðlegt að sjá með hvaða hætti yfirvöld hyggjast hafa samráð við skólana um þessi mál. Eftir rúma viku funda skólameistarar með menntamálaráðherra á samstarfsnefndarfundi. Ég reikna með að við fáum frekari upplýsingar þá.“

Þrjár aðrir skólameistarar sem Fréttablaðið ræddi við, þau Ingi-björg Guðmundsdóttir í Kvanna-skólanum í Reykjavík, Jón B. Stefánsson í Tækniskólanum og Már Vilhjálmsson í Menntaskólanum við Sund, eru sammála um að fagna beri þessum fyrirætlunum yfirvalda. Þau bíói eftir frekari upplýsingum um ráðahaginn frá yfirvöldum.

- kg

15% afsláttur



Voltaren
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

Nýtt lok!
Auðvelt að opna

Apótekarinn+
lyf á lægra verði

Getum við treyst Moody's núna?

Moody's um íslensku bankana 2008:

Aaa

Lánshæfismatsfyrirtækin lögðu öll rangt mat á stöðu bankanna rétt fyrir hrun.

Í febrúar 2011 sendu Moody's frá sér álit þar sem fram kom að lánshæfi Íslands gæti farið í ruslflokk ef Icesave yrði hafnað. Ósmekklegr tímasetning, með hliðsjón af komandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í Reuters frétt um sama efni er haft eftir Moody's að versta mögulega útkoma samningsins sé 50 milljarðar. Réttari tala væri 233 milljarðar samkvæmt mati sem unnið var fyrir fjárlaganefnd Alþingis.

Margt bendir til þess að álit Moody's byggi á misskilningi og röngum upplýsingum. Hver veitti þær? Hvenær ætlar ríkisstjórn Íslands að leiðrétta þennan misskilning hjá Moody's?

Taktu upplýsta ákvörðun. Fellum Icesave 9. apríl!

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl. Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfbóðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is

ÞÚ...

... getur látið drauma rætast

HVAÐ
GETUM
VIÐ
GERT FYRIR
ÞIG?



Það borgar sig að læra snemma að spara og fara vel með peninga. Framtíðarsjóður er góð, verðtryggð leið, bundin til 18 ára aldurs. Með því að leggja reglulega fyrir geta draumarnir ræst.

Hafðu samband og fáðu persónulega þjónustu. Hvað getum við gert fyrir þig?

Sími 575 4000 | byr@byr.is | www.byr.is

BYR

Beina brautin

Bjóðum fyrirtækjum aðstoð við að undirbúa og skila inn gögnum vegna Beinu Brautarinnar. Sem er úrlausnir í skuldamálum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Már Ástþórsson viðskiptafræðingur í síma 696-5310 eða á netfanginu guðmundur@beinabrautin.com www.beinabrautin.com


Það er enginn að snuða Breta og Hollendinga

Með íslensku neyðarlögum voru hagsmunir innistæðueigenda í Bretlandi og Hollandi tryggðir mun betur en tilskipun ESB um innistæðuþryggingar fer fram á: Í stað 674 milljarða munu þeir fá **1175 milljarða**.

En þeir vilja samt meira.

Að við tökum ábyrgð á þrotabúinu og borgum líka vexti. Okkur ber engin skylda til að verða við því, hvorki lagaleg né siðferðileg.

Greiðsla til Breta og Hollendinga



Taktu upplýsta ákvörðun. Fellum Icesave 9. apríl!

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl. Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR

Meiri Vísir.

FRÉTTAVIÐTAL: Stefán Einar Stefánsson, nýr formaður VR

Engin lausn að velja Óumdeildan mann

Stefán Einar Stefánsson guðfræðingur mun taka við starfi formanns VR, eins öflugasta verkalyðs-félags landsins, seinna í mánuðinum. Hann varð hlutskarpastur sjö fram- bjóðenda í formannskjöri félagsins en úrslit voru kynnt í síðustu viku.

Stefán Einar Stefánsson segist hlakka til þess að hefja störf sem formaður en honum hefði ekki dottið það í hug fyrir svo löngu síðan að hann hæfi störf á þessum vettvangi. „Síðastliðið haust leituðu til mín einstaklingar varðandi framboð sem höfðu miklar áhyggjur af stöðu mála í VR. Þetta var fólk sem þekkti til starfa minna fyrir félagið á árinu 2009 þegar ég var fenginn til að aðstoða við að setja siðareglur fyrir félagið. Ég neit- aði þessu nú fyrst, ég var að sinna verkefnum af öðrum toga og hafði aldrei leitt hugann að verkefnum á borð við þetta. Svo var haldið áfram að þrýsta á mig og ég fór þá að glöggva mig meira á innri mál- efnun félagsins. Í kjölfarið tek ég ákvörðun um að bjóða mig fram og hellti mér bara í þessa baráttu eins og aðrir,“ segir Stefán en hann undirbýr sig þessa dagana fyrir verk- efnin fram undan.

Deilur innan stjórnar og á skrifstofu VR hafa skyggt á störf félagsins á síðustu misserum og segir Stefán það fyrsta verkefni sitt að tryggja að það verði starfs- friður í félaginu. „Slíkur starfs- friður felst ekki í því að allir séu sammála eða að einn maður ráði öllu heldur frekar að mál séu ætíð sett í ákveðinn farveg sem tryggi vandaða og yfirvegaða úrlausn þeirra viðfangsefna sem félagið er að fást við. Ég er viss um það að allir þeir sem að félaginu koma eru til í þessa vinnu,“ segir Stefán. En hvaða önnur mál hyggst hann setja á oddinn? „Þegar starfsfriður er tryggður taka við stór verkefni eins og að berjast gegn því órétt- læti sem er óútskýrður launamun- ur kynjanna. Við þurfum jafnframt vonandi að kynna nýjan kjarasam- ing og fá samþykktan. Við þurfum að hlúa að okkar félagsmönnum sem hafa orðið fyrir atvinnumissi, við þurfum að koma því fólki út á vinnumarkaðinn aftur. Það er sam- hangandi við þennan aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar sem við höfum verið að skoða í samstarfi við Sam- tók atvinnulífsins. Þar er mikil



STEFÁN EINAR Stefán er 27 ára gamall guðfræðingur sem hefur einnig lagt stund á nám í lögræði og siðfræði. Hann hefur undanfarið starfað sem framkvæmdastjóri Hins íslenska Bibliúfélags.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

áhersla lögð á þau atriði sem lúta að atvinnusköpun og fjárfestingu í landinu,“ segir Stefán.

Lítill virkni áhyggjuefni

Það er óhætt að segja að það hafi víða gastað um þar sem Stefán Einar hefur komið að málum og var hann því spurður hvort hann væri vel til þess fallinn að tryggja sættir í VR. „Í frægu ljóði eftir Davíð Stefánsson segir: „Þeir sem stríði vilja verjast, verða stundum fyrst að berjast.“ Þeir sem hafa þurft að takast á við fólk geta, að ég tel betur, komið inn á átakasvæði og stillt til friðar. Ég held að það hefði ekki verið nein lausn fyrir VR að velja til forystu algjörlega óum- deildan mann sem aldrei hefði látið þannig til sín taka að menn hefðu á því einhverja skoðun.“

Kjörsókn í formannskosningun- um í VR var einungis rúm sautj- án prósent og segir Stefán það vera áhyggjuefni að fólk vilji ekki hafa áhrif á þetta mikilvæga félag. Þetta hafi hins vegar verið vanda- mál lengi.

Ósanngjarnar kjaftasögur

Stefán Einar hefur síðustu miss- eri setið í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna sem hefur boðað mikinn niðurskurð ríkisútgjalda og til að mynda lagt til að Vinnu- eftirlit ríkisins verði lagt niður. Stefán segir þær tillögur ekki lýsa sínum stjórnsmálaskoðunum. „Ég

hef tekið þátt í starfi stjórnar SUS ásamt tugum annarra einstaklinga sem hafa mjög ólík viðhorf. Ég hef aldrei skilgreint sjálfan mig sem frjálshyggjumann heldur hef ég verið mjög gagnrýnn á þá hug- myndafræði. Ég gagnrýndi þessar tillögur í mörgum liðum en þarna urðu mín viðhorf einfaldlega ekki ofan á,“ segir Stefán.

Í aðdraganda formannskjörsins var Stefán ásakaður um að hafa afritað kjörskrá félagsins sem er andstætt kosningareglum. Hann hefur einnig verið sagður hafa sent sms skilaboð á þá félagsmenn VR sem flokksbundnir eru í Sjálfstæð- isflokknum. Stefán segir þessar ásakanir fráleitar. „Þessar sögur eru hluti af þeirri ófrægingarher- ferð og þeim vinnubrögðum sem það fólk sem hefur skaðað þetta félag hvað mest notar. Það hermir upp á fólk hluti sem eiga ekki við rök að styðjast og ég bara frábið mér umræðu um svona mál. Kær- unni var auðvitað vísað frá og átti ekki við rök að styðjast. Hvað þess- ar sögur um sms sendingar varð- ar þá segi ég það eitt að einu sms skilaboðin sem ég sendi voru til ein- hverra tuga vina minna undir lok kosninganna.“

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is



Fitulítill og próteinrík...

... og passar með öllu



www.ms.is





FJÓRFALDIR

VILDARPUNKTAR
4.-6. APRÍL

Félagar í Vildarklúbbi Icelandair fá

fjórfalda Vildarpunkta þegar þeir versla

hjá Olís dagana 4.-6. apríl.

PIPAR/TBWA - SIA - 110770

Staðgreiðslukorthafar safna sjálfkrafa Vildarpunktum Icelandair. Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið með QR-kóðanum, á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

ICELANDAIR
VILDARKLÚBBUR



Vinur við veginn

ICESAVE JÁ/NEI ÁHRIF Á EFNAHAGSPRÓUN

Opinn upplýsingafundur þriðjudaginn 5. apríl
klukkan 16-17.30 á Hilton Reykjavík Nordica

Frummælendur:

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður og fulltrúi samninganefndar Íslands
Dóra Sif Tynes, lögmaður og fulltrúi Áfram hreyfingarinnar
Jón Helgi Egilsson, verkfræðingur og fulltrúi Advice hreyfingarinnar
Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík
Ragnar Árnason, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands
Gylfi Zoëga, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands

Að loknum framsöguerindum taka við pallborðsumræður.
Frummælendur og Guðmundur Björnsson, verkfræðingur hjá GAMMA

Aðgangur án endurgjalds, skráning fer fram á vi.is



Orkuveita Reykjavíkur

Til sölu
Ef viðunandi tilboð fæst:



Starfsmannahús Orkuveitu Reykjavíkur að Nesjavöllum

Húsið er á tveimur hæðum, samtals um 1.219 fermetrar. Þar er í dag rekið fullbúið hótél á vegum leigutaka.

Á fyrstu hæð er álma með 8 gestaherbergjum, rými fyrir heilsurækt með heitum pottum og 30 manna fundarsal.

Inn af fundarsal eru að auki 4 gestaherbergi og nokkur aðskilin þjónusturými.

Á annari hæð er álma með 8 gestaherbergjum, ráðstefnusál sem rúmað getur allt að 60 manns, eldhús, þjónusturými, matsalur sem þjónað getur um 60 manns, sem og stór vistleg setustofa og bar. Inn af eldhúsinu eru 3 gestaherbergi. Öll gestaherbergi eru með sér baðherbergi og sturtu. Ástand hússins er mjög gott jafnt innan sem utan og aðkoma og umgjörð glæsileg.

Húsið stendur á 9.350 fermetra leigulóð, möguleiki er á stækkun lóðar upp í 14.000 fermetra. Húsnæðið verður til sýnis áhugasömum þriðjudaginn 5. apríl kl. 13.00 – 16.00.

Nánari upplýsingar gefa eftirfarandi starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur:

Hannes Frímánn Sigurðsson, sími 516-6690
Ólafur Þór Leifsson, sími 617-6334

Kauptilboðsblað og söluþýsing er hægt að sækja á vefsíðu Orkuveitunnar.

Kauptilboðum skal skila til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík fyrir kl. 13.00 fimmtudaginn 14. apríl 2011.

Töluvert fleiri aka um Bolungarvíkurgöng en Óshlíð: Umferð jókst um 4%

SAMGÖNGUR Meðalumferð um Bolungarvíkurgöng er tæpum 4 prósent meiri það sem af er ári en umferð um Óshlíðarveg á sama tímabili í fyrra. Þetta kemur fram á fréttavefnum BB.is.

Þar segir einnig að þessa þriðja mánuði hafa að jafnaði farið 657 bílar um Bolungarvíkurgöng á degi hverjum en um Óshlíðarveg í fyrra fóru 624 bílar á dag.

Meðalumferð um Héðinsfjarðargöng fyrstu fimm mánuðina frá opnun, var 382 bílar á sólarhring og er því umferð um Bolungarvíkurgöng 70 prósentum meiri en um



VEGURINN UM ÓSHLÍÐ MYND/BRYNJAR GAUTI

Héðinsfjarðargöng. Frá þessu var einnig greint á vikari.is. - rat



HJÁLMAR JÓNSSON Formaður Bláðamannafélags Íslands segir tímaskekkju að Stjórnarráðið reyni nú eftir hrúnið að auka leyndarhyggju með nýju frumvarpi um breytingar á upplýsingalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óttast aukna leynd með nýjum lögum

„Of mikið upplýsingastreymi hefur ekki staðið vandaðri stjórnsýslu hér á landi fyrir þrifum,“ segir í umsögn Bláðamannafélags Íslands sem gagnrýnir nýtt frumvarp um breytingar á upplýsingalögum.

STJÓRNMÁL „Þetta er afturför því þarna er verið að fjölga en ekki fækka undanþágum frá því sem er í lögnum frá 1996,“ segir Hjálmar Jónsson, formaður Bláðamannafélags Íslands, um frumvarp um breytingar á lögum um upplýsingamál.

„Það er tímaskekkja núna þegar menn ættu að draga lærdóma af hrúninu að auka leyndarhyggjuna í stað þess að sníða agnúana af lögum sem að mörgu leyti hafa reynst vel,“ bætir Hjálmar við.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mælti fyrir frumvarpinu sem nú er til meðferðar hjá allsherjarnefnd Alþingis. Hjálmar ásamt Sigurði Má Jónssyni, varaformanni BÍ, segja í umsögn fyrir hönd félagsins til nefndarinnar að lagasmíðirnir virðist ekki hafa trú á eigin tillögum.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu segir að sterk rök hnígi að því að „einmitt upplýsingar af þessu tagi eigi ríkt erindi við almennig“ en síðan að niðurstaðan hafi „engu að síður“ orðið sú að leggja til lögfestingu viðkomandi reglu. „Hér verður ekki séð að hugur fylgi máli og eðlilegt að beina löggjafanum inn á þá braut sem hugur og hjarta segja honum!“ segir Bláðamannafélagið.

Meðal þess sem BÍ gerir athugasemdir við er nýtt ákvæði um að undanskilja frá aðgangi almennings gögn sem ráðherrar

„Hér má spyrja hvort eðlilegt sé að leynd hvíli yfir hvaða gögn löggjafinn notast við“

ÚR UMSÖGN
BLÁÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

afla frá sérfróðum aðilum til að undirbúa lagafrumvörp.

„Hér má spyrja hvort eðlilegt sé að leynd hvíli yfir hvaða gögn löggjafinn notast við,“ segir í umsögn Hjálmars og Sigurðar.

Þá kemur fram að BÍ telji alltof víðtæka heimild felast í frumvarpinu „til þess að loka inni vinnugögn“. Þannig geti stjórnvöld mjög takmarkað upplýsingastreymi.

„Í því sambandi má vitna til nýlegs blaðamáls, Árbótarmálsins, þar sem mikilvægar upplýsingar um afgreiðslu og málsmeðferð komu fram í tölvupóstssamskiptum. Ekki verður annað séð en að þarna sé verið að loka á afhendingu slíkra gagna,“ er ein ábendingin frá Hjálmar og Sigurði. Árbótarmálið sem Fréttablaðið sagði frá fjallaði um hvernig ráðherra og þingmenn beittu sér á bak við tjöldin í máli sem ekki var á þeirra forræði.

Síðan er ítrekað í umsögn BÍ að fráleitt sé í ljósi reynslunnar að undanþágum frá lögnum sé fjölgað: „Of mikið upplýsingastreymi hefur ekki staðið vandaðri stjórnsýslu hér á landi fyrir þrifum. Þvert á móti.“ gar@frettabladid.is

- 
- Við ljúkum langri deilu með sátt
 - Við öðlumst meira traust
 - Við forðumst áhættusöm dómsmál
 - Við eyðum óvissu
 - Við tryggjum hagvöxt
 - Við minnkum atvinnuleysi
 - Við eflum með okkur bjartsýni og kraft
 - Við lækkum vexti
 - Við örvum fjárfestingar
 - Við bætum lánsþæfismat okkar

Hvað ef við segjum Já?

Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirbyggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.

Viljir þú leggja baráttunni fjárhagslegt lið eru b.nr: 0111-26-100244 og kt. 640311-0530. Það munar um allt.



Já er leiðin áfram!

Facebook | www.afram.is

FRÉTTASKÝRING: Hvaða eignir eru í þrotabúi Landsbankans?

5. hluti **icesave**

Óvissa um minnihluta eigna þrotabúsins

Mat á eignum þrotabús Landsbankans skiptir höfuðmáli þegar reynt er að meta hversu há upphæð gæti fallið á íslenska skattgreiðendur vegna Icesave. Í eignasafninu leynast hundruð milljarða í reiðufé, útlánnum og í hlutabréfum í félögum á borð við verslunarkæðjuna Iceland Foods.

Samninganefnd Íslands í Icesave-deilunni hefur ekki lagt sjálfstætt mat á það hversu mikið fæst upp í kröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjármagnseigenda úr þrotabúi Landsbankans. Á fundi með nefndarmönnum sögðust þeir treysta mati skilaneftdar bankans, sem hingað til hafi verið varfærin í mati sínu.

Mat skilaneftdarinnar á því hversu mikið fæst upp í forgangskröfur hefur verið uppfært reglulega, síðast miðað við upplýsingar sem lágu fyrir um áramót. Þá hækkaði mat skilaneftdarinnar, og í kjölfarið endurskóðaði samninganefndin útreikninga sína á líklegum kostnaði ríkisins við Icesave-samninginn sem nú verður gengið til atkvæða um.

Matið hefur hækkað um að meðaltali 23 milljarða á hverju þriggja mánaða tímabili frá apríl 2009. Það skýrist meðal annars af því að óvissa um endurheimtur fer minnkandi. Skilaneftdar Landsbankans telur nú að um 89 prósent af forgangskröfum fái greidd. Íslenski tryggingasjóðurinn á 51,29 prósent af forgangskröfum í búíð. Samkvæmt síðasta mati skilaneftdarinnar nema áætlaðar heimtur úr þrotabúi Landsbankans 1.175 milljörðum króna. Verði það lokaniðurstaðan fær tryggingasjóðurinn um 602 milljarða upp í kröfur sínar.


679 milljarðar í hendi

Heildarkröfur sjóðsins nema 677 milljörðum með vöxtum. Endurheimtur úr þrotabúinu þurfa að komast nærri 1.300 milljörðum króna til að tryggingarsjóðurinn fái þá upphæð greidda að fullu.

Miklu skiptir að nákvæmni mats skilaneftdarinnar sé sem mest. Óháðir sérfræðingar frá Deloitte hafa tvisvar farið yfir verkferla og vinnu skilaneftdaranna við mat á verðmæti eigna, fyrst síðla árs 2009 og svo aftur í upphafi þessa árs. Í síðari yfirferðinni var einnig lagt sjálfstætt mat á verðmæti eignanna. Niðurstaða Deloitte var í báðum tilvikum sú að vinnubrögð við matið væru í lagi og mat á verðmætum í búinu væri rétt.

Rúmur helmingur af þeim 1.175

Mat á eignum þrotabúsins



milljörðum sem talið er að liggja í þrotabúi Landsbankans eru taldar mjög eða algerlega traustar eignir. Þar er annars vegar um að ræða 361 milljarðar króna í peningum og hins vegar 318 milljarða í skuldabréfi útgefna af nýja Landsbankanum og hlutabréfum í sama banka. Samtals eru þetta 679 milljarðar króna, um 58 prósent af eignum þrotabúsins.

Þessi hluti eigna þrotabúsins er almennt talinn í hendi. Ýmsir hafa þó lýst efesendum um að nýi Landsbankinn geti staðið í skilum með greiðslur af skuldabréfinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins deila þeir sérfræðingar skilaneftdarinnar sem fylgjast með þessum hluta eignarsafnsins ekki þeirri skoðun.

Utan við peninga og eignir hjá nýja Landsbankanum á þrotabúi Landsbankans aðallega útlán til erlendra viðskiptavina og hlutabréf í erlendum fyrirtækjum. Eignir í

innlendum fyrirtækjum runnu inn í nýja Landsbankann.

Bréf í Iceland Foods verðmætust
Langverðmætasta eign þrotabús Landsbankans, fyrir utan reiðufé og skuldabréf frá nýja Landsbankanum, er 66,6 prósent hlutur í bresku matvöruekjunni Iceland Foods. Skilaneftdar bankans gefur ekki upp áætlað verðmæti bréffanna, ekki frekar en áætlað verðmæti hlutabréfa bankans í öðrum hlutabréfum. Ástæðan er sú að það gæti haft áhrif á kaupverðið þegar skilaneftdarinn ákveður að selja.

Í bókum þrotabúsins er hlutabréfaeign skráð samtals 117 milljarðar króna. Það þýðir ekki að heildarverðmæti Iceland Foods, House of Fraser, Hamleys og annarra fyrirtækja sem skilaneftdarinn á hlut í rúmist innan þeirra tölu.

Hlutabréf í Iceland Foods og öðrum eignum geta fallið í tvo

flokka í bókum þrotabúsins. Eigi hinn fallni banki bréfin sjálf falla þau í flokkinn hlutabréfaeign. En hafi bankinn lánað fyrir hlutabréfaeignina fyrir fyrirtækinu með veði í bréfunum, og ekki enn leyst til sín bréfin, falla þau í flokk með öðrum útlánnum til einstaklinga, sem eru samtals 277 milljarðar króna.

Það er því ómögulegt miðað við opinberar tölur að áætla hvað skilaneftdarinn telur raunverulegt verðmæti Iceland Foods og annarra stórra eigna þrotabús Landsbankans þar til þrotabúið selur þessar eignir.

Fara má nokkuð nærri verðmæti fyrirtækis á borð við Iceland Foods með því að áætla út frá hagnaði. Með algengum aðferðum má þannig áætla gróflaga að verðmæti verslunarkæðjunnar gæti verið nærri 215 milljörðum króna. Miðað við það ætti hlutur þrotabús Landsbankans að vera um 143 milljarðar króna.

Malcom Walker, stofnandi og forstjóri Icelandic Foods, er sagður hafa gert 190 milljarða króna tilboð í félagið um mitt ár í fyrra. Því var hafnað þar sem það þótti ekki nægilega hátt. Seint á síðasta ári lýsti hópur fjárfesta áhuga á því að kaupa Icelandic Foods fyrir upphæð sem jafngilti tæplega 250 milljörðum króna. Seldist Iceland Foods á því verði fengi þrotabúi Landsbankans um 166 milljarða í sinn hlut.


Eins og samninganefnd Íslands í Icesave-deilunni hafa landsmenn fá úrræði til að meta sjálfir verðmæti eigna þrotabús Landsbankans raunverulega. Miklu skiptir hvort mat skilaneftdarinnar þyki trúverðugt.

Brjann Jónsson
brjann@frettabladid.is



Ókeypis
aðild að
Icelandair
Golfers

Premium Icelandair
American Express®
er betri ferðafélagi.
Kynntu þér kostina á
americanexpress.is



Kortið sem
kemur þér út

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Vill sjálfstætt mat á eignum

„Öll vonum við að mat skilaneftdarinnar sé varlegt, því meira sem kemur inn því meira fer upp í meinta skuld,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins. „Óvissan um eignasafnið er samt gríðarlega mikil.“

Gunnar Bragi lagði ásamt fleiri þingmönnum fram tillögu um að ríkið létu gera sjálfstætt mat á eignasafninu, og fengi til þess virta erlenda sérfræðinga.

„Mér finnst að stjórnvöld, og þar með samninganefndin, hefði átt að láta gera svona mat fyrir löngu,“ segir Gunnar Bragi. „Það er auðvitað sá hængur á að ríkið hefur ekki beinan aðgang að eignasafninu, og þyrfti því að treysta á góðan vilja skilaneftdarinnar.“

Tillögunni var vísað til efnahags- og skattanefndar, sem hefur ekki fjallað um málið. Við það er Gunnar Bragi afar ósáttur, enda ljóst að ekki er möguleiki á að lagt verði mat á eignasafnið fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna komandi laugardag. „Ég get ekki skilið það öðruvísi en formaður nefndarinnar hafi ekki haft áhuga á að taka málið fyrir. Hans ábyrgð er þá mjög mikil í málinu, það geta verið tugir eða hundruð milljarða króna í húfi,“ segir Gunnar Bragi.



GUNNAR BRAGI
SVEINSSON

Öruggir með mat slitastjórnar

„Við teljum okkur örugga með að leggja mat slitastjórnarinnar á verðmæti þrotabúsins til grundvallar,“ segir Jóhannes Karl Sveinsson, sem sæti átti í samninganefnd Íslands í Icesave-málinu. „Það hefur verið góður stígangi í matinu, á hverjum degi eru lán að brestast í peningum og betri mynd fæst á eignasafnið.“

Samninganefndin hefur verið gagnrýnd fyrir að láta ekki gera sjálfstætt mat á eignasafninu. Jóhannes segir nefndina í raun ekki hafa haft neina aðkomu að búinu og því ekki haft neinn rétt til að skoða eignirnar betur en aðrir, en hafi fengið góðar upplýsingar. Skilaneftdarinn sé í bestu aðstöðunni til að meta eignirnar, og vinna hennar hafi verið yfirfarin af Deloitte.

Jóhannes býst ekki við vandræðum með afborganir nýja Landsbankans af um 300 milljarða skuldabréfi til þrotabúsins. Í bréfinu sé ákvæði um frestun á greiðslum í erlendri mynt sé ekki til staðar virkur gjalddeyrismarkaður. Samninganefndin fékk upplýsingar um mat á verðmætum eignum á borð við Iceland Foods. Jóhannes segir líklegt að mat skilaneftdarinnar sé varlegt og því viðbúið að sala á bréfunum skili meiru en matið bendi til.



JÓHANNES KARL
SVEINSSON



SCARPA®

NESSUN LUOGO È LONTANO™

GAKKTU ALLA LEIÐ MED OKKUR!



Esjan ofl.



Gönguhópurinn



Fjallahlaupin



Alparnir



Baejarröltið



Leikskólinn



Ísklifrið



Frelsið



vinnan

 Marmot®

 PETZL®

 smartwool

 SCARPA®

 Black Diamond™

við erum á
[facebook](#)
[twitter](#)

FJALLAKOFINN

Laugavegi 11 | Reykjavíkurvegi 64

Reykjavík

Hafnarfirði

s: 510 9505

www.fjallakofinn.is

Málefni útlendinga:

Gera þarf betur

Hér hafa hlutir þokast til betri vegar í málefnum flóttafólks. Helst er þar hægt að líta til dæma fólks sem hingað hefur komið fyrir tilstuðlan samstarfs ríkisins og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Flóttamannastofnunin fer þá fram á að Ísland taki við ákveðnum hópum og fara mál þeirra þá í annað ferli en hælisleitenda sem á eigin vegum biðja hér um landvist.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Síðast komu hingað átta konur frá Palestínu sem hér fengu hæli með börn sín haustið 2008 og árið áður fékk hér hæli flóttafólk frá Kólumbíu. Þótt hrúnið hafi tímabundið raskað áætlun ráðuneyta félags- og utanríkismála frá árinu 2007 um að hér á landi fengju árlega

hæli 25 til 30 flóttamenn þá er ekki ástæða til að ætla annað en sá þráður verði tekinn upp að nýju.

Ekki er hins vegar hægt að segja að mikil reisin sé yfir því hvernig tekið er á málum annarra hælisleitenda, en þumalputta-reglan er sú að á grundvelli svokallaðs Dyflinnarsamkomulags er þeim vísað aftur til þess lands þaðan sem þeir komu og þar lendum yfirvöldum eftirlátið að finna úr þeirra málum. Yfirbragð Útlendingastofnunar, sem sker úr málum hælisleitenda og annarra sem hér sækja um landvistarleyfi, er þunglamalegt og varla ofsagt að verulegir þröskuldar séu í vegi fólks utan Evrópulanda sem hér vill setjast að.

Stöku mál hafa komið upp á yfirborðið og vakið athygli, jafnvel svo að fólk hefur hafið undirskriftir og viljað hlutast til um að ómanneskjulegt skrifræðið eitt ráði ekki för í þeim málum. Núna er í hámmáli mál Priyönku Thapa. Hún er 23 ára nemi við háskólabrú Keilis, afbragðsnámsmaður sem farið hefur fram á dvalarleyfi hér til þess að halda áfram námi og í von um að geta aflað tekna sem framfleyti fátækri fjölskyldu í Nepal. Fjölskyldu sem hún segir að hafi í fátækt sinni gripið til þess örþrifaráðs að selja hana í hjónaband okunnum manni. „Lífi mínu er hreinlega lokið ef ég fer aftur heim. Þar bíða mín gamlir karlar og ömurlegar aðstæður – í raun þrældómur,“ sagði hún í viðtali við Fréttablaðið á föstudag, eftir að í ljós kom að Útlendingastofnun hafði sýnað henni um dvalarleyfi. Stofnunin virðist ekki leggja trúnað á orð hennar um hvaða aðstæður bíði hennar heima fyrir.

Vera má að hendur Útlendingastofnunar séu bundnar af lögum og reglum. En þá hlýtur að vakna spurningin um hvort allrar þessarar stífní sé þörf þegar kemur að málefnum útlendinga. Lögmaður Priyönku hefur sagt að allra leiða verði leitað til að afla henni hér landvistar. Þar á meðal kemur til greina að biðla til Alþingis um að henni verði veittur ríkisborgararéttur. Sé eitt hvert réttlæti í henni veröld þá tekur allsherjarnefnd Alþingis mál hennar fyrir og kannar ofan í kjölinn áður en til þess kemur að tekin verði fyrir umleitan auðugra útlendinga vestan hafs sem einnig vilja fá hér ríkisborgararétt. Önuget væri ef hlaupið væri á eftir erindi skattaskjólslögmanna þeirra áður en horft væri til þess hvort hægt sé að hjálpa stúlku sem selja á í þrældóm.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉL: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ESB aðild? Hvaða aðrar leiðir eru færar?

Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon þriðjudaginn 5. apríl kl. 12–13.

Frummælendur

Dagbjört Hákonardóttir, lögfræðingur

Brynja Halldórsdóttir, laganemi

og í stjórn Vinstri grænna í Reykjavík



Allir velkomnir

xs.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kosningabaráttan!

Kosningabaráttan stendur nú sem hæst fyrir Icesave-atkvæðagreiðsluna sem fram fer næsta laugardag. Já og nei fylkingarnar, Áfram- og Advice-hóparnir, hafa auglýst nokkuð grimmt síðustu daga með misáhrifamiklum hætti. Báðar fylkingar hafa birt auglýsingar þar sem sérfræðingar, stjórnmálamenn, fólk úr atvinnulífnum og aðrir lýsa skoðunum sínum á málinu en nú síðast birti Áfram-hópurinn lista yfir 20 fyrrverandi ráðherra sem hyggjast kjósa já í komandi kosningu.



Hákarl og börn seld í ánauð

Það hafa þó síður en svo allar auglýsingar varðandi Icesave-málið verið málefnalegar. Þannig birti Áfram-hópurinn heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu á föstudag þar sem risastór hákarl átti að tákna áhættuna við óleyst Icesave-mál. Að neita að samþykka Icesave samkomulagið mun tæpast valda því að hákarl gleypi Ísland. Útvarpsauglýsing á vegum nei-fylkingarinnar slær þó sennileg öll met en þar líkir

Egill Ólafsson stuðmaður Icesave-samningunum við það þegar íslensk börn voru seld í ánauð á 15. öld. Það er nefnilega það.

Fyrirheit um ESB-umræðu?

Það er spurning hvort kosningabaráttan um Icesave gefi fyrirheit um það sem koma skal þegar og ef kosið verður um aðildarsamning að ESB. Auglýsingar á borð við þessar vekja í öllu falli ekki þá von í brjósti að tekist verði á um ESB-aðild á málefnalegum forsendum. Það er oft auðveldara að reiða sig á tröllasögurnar.

magnus@frettabladid.is



HALLDÓR



Stöldrúm við í orkumálum!

Orkumál



Ólafur Arnalds
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Nýverið fréttist að bresk yfirvöld hafa rátt möguleika á að kaupa á raforku frá Íslandi, sem leidd yrði með sæstreng til Bretlands. Þessi sama hugmynd kemur einnig af og til upp á yfirborðið í umræðu á Íslandi. En hafa Íslendingar þessa orku að bjóða? Skiptir hún einhverju máli fyrir orkubúskap Bretlandseyja? Hver yrðu áhrifin hérlendis? Er ekki rétt að staldra aðeins við?

Allir okkar hagkvæmstu virkjanakostir eru þegar nýttir til stóriðju; því má draga í efa að mikil orka fyrir breska neytendur sé til á Íslandi. Sem dæmi má nefna að hægt er að færa gild rök fyrir því að sárafáir kostir séu fyrir hendi til virkjunar vatnsfalla af sömu stærðargráðu og virkjanir í efrri hluta vatnasviðs Þjórsár. eru háhitasvæðin í Kerlingarfjöllum og Torfajökli mögulegir virkjanakostir í þessu samhengi? Vitaskuld ekki. Til þess eru aðrir hagsmunir allt of ríkir. Er orka til fyrir hendi til að selja til Bretlandseyja? Líklega er svarið mjög einfalt: nei.

Sú orka sem unnt er að ganga að á Íslandi, jafnvel með því að ganga mjög nærri orkuauðlindum Íslands skiptir litlu sem engu máli fyrir Bretlandsmarkað. En

áhrifin yrðu gríðarleg á náttúru Íslands og líklegt er að orkuverð til íslenskra notenda myndi hækka.

Það er rétt að hafa í huga að óspillt náttúra Íslands er öflug tekjulind fyrir þjóðina. Tekjur af erlendum ferðamönnum ná hugsanlega 200 milljörðum árið 2011. Heildartekjurnar nema auðveldlega 3000 milljörðum næstu 10 árin samtals. Innviðir ferðabjónustu og aðbúnaður á ferðamannastöðum þarfnast uppbyggingar; náttúruverur aðhlyningar. Á þessu sviði eru mikil tækifæri fyrir hinar dreifðu byggðir landsins; tækifæri sem þarf að rækta. Það eru víðar arðbærar fjárfestingar en í orkugeiranum.

Mjög gengur á lífrænan orkuforða jarðar á borð við olú, kol og gas, en jafnframt vex orkuþörfin örur skrefum. Orkuverð hækkar ört á heimsmarkaði og með þetta í huga þarf að huga að framtíðinni á Íslandi. Við þurfum orku fyrir samgöngutæki framtíðarinnar, á sjó og á landi og til fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Íslendingar – stöldrúm við í orkumálum! Það er ekki síst hagrug orkusölufyrirtækja til að tryggja fjölbreytta og arðsama nýtingu þverrandi orkulinda og það er sannarlega hagrug Íslendinga framtíðarinnar.

Hvernig sem allt fer

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Save getur á ensku verið nafnorð og þýtt hirslu til að geyma verðmæti. Icesave er 'frystihólf sem geymir verðmæti' og sá sem það notar á að geta treyst því að þar haldist þau óskemmd uns komið er að því að nota þau næst.

Björgunarsveitin...

Icesave stendur fyrir nokkurs konar björgunarsveit verðmæta. Save þýðir 'öryggi'. Það þýðir að vera 'óhultur'. Save þýðir líka 'björgun' – bæði sem sögn og nafnorð. Það er oft notað í fótbolta þegar markvörður ver glæsilega. Sá eða sú sem lagði peninga inn á Iceave-reikninginn var þar með að bjarga verðmætum – og sér. Með því að tengja saman fyrsta persónufornafni, 'I' og 'save' er spilað á þetta: 'Ég bjarga' / 'Mér er borgið'.

Save getur þýtt 'að spara'. I save þýðir: 'ég spara'. Icesave þýðir: 'reikningurinn þar sem ég spara'.

Ice. Bara sjálft orðið vekur upp mynd af landinu fagra í norðri þar sem ísinn er og þar sem náttúran hefur haldist óspjölluð – þar sem verðmætin hafa varðveist, þar sem allt er slungið aðlaðandi dulúð. Ultima Thule.

Iceland. Sjálft nafn landsins var notað til að gefa til kynna að sá sem legði inn fé á þessa reikninga tengdist þar með landinu, væri á einhvern hátt á vegum þessa lands, eins og forvígismenn Landsbankans sögðu raunar margsinis.

Ice. Save. Það er kalt, það er norrænt – það er traust. Orðið 'I' er samtvinnuð við orðið 'Ice' á órjúfanlegan hátt. 'Ég á ís', 'Ísinn og ég', 'Ég og Ísland'.

Hvernig sem á það er lítið. Markaðsherferðin Icesave spilaði á það góða orðspor sem Íslendingar höfðu í Englandi og annars staðar í Evrópu um hríð, einkum vegna framgöngu íslenskra listamanna í þessum löndum – ekki síst Bjarkar Guðmundsdóttur; spilaði á þetta orðspor og sóaði því jafnharðan. Fólk úti í Evrópu hélt að Ísland væri allt það sem það hélt sig og átti að vera: Lítið norrænt velferðarsamfélag þar sem nýsköpun og frjó hugsun væri í hávegum höfð – en líka varðveisla verðmæta á borð við náttúrugæði og menningu. Fólk hélt að Íslendingar væru vel menntaðir og fljótir að átta sig í nýjum aðstæðum á tímum netsamskipta og því gætu þeir boðið hærri vexti en aðrir bankar, en ekki vegna þess að þeir væru ábyrgðalausir lukkuriddarar og sérleiðstytta. Sem þeir voru.

„Aldrei séð aðra eins frystikistu“

En ó, þetta vitum við allt svo vel. Og við megum alveg vera reið. Látum fíflin heyra það, þá sem stóðu fyrir þessum ósköpum; misnotuðu nafn lands og þjóðar, ráku starfsemi í hennar nafni sem reyndist ekki traustsins verð þegar á reyndi. Og hina sem hrópuðu húrta og hvöttu þá áfram. Og þau sem hálf gáfu bankann ábyrgðarlausum mönnum. Og sjálfum okkur fyrir að kjósa þau sem reyndust ekki traustsins verð.

Verum endilega reið en við verðum að hætta að beina þessari reiði gegn hvert öðru, hætta að láta etja okkur saman í fylkingar kringum já eða nei í þessu Icesave-máli. Við skulum heldur reyna að straumbreyta þessari reiði í orku sem getur farið í að byggja eitthvað upp hérna. Við skulum vera tortryggir og jarðbundin og skynsöm og hætta að leggja eyrun við fagurgala og bulli – en við verðum samt að geta talað saman.

Reynum heldur að rökræða um framtíð samfélagsins, hvernig við viljum hafa það, hvernig við viljum raða, hvernig við viljum að gott líf sé.

Hvernig sem þessar kosningar fara – já eða nei – þá verðum við að geta talað saman. Við verðum að leggja af þennan talsmáta sem fengið hefur að þróast hér. Við verðum að hætta þessum brigslum og gífurlyrdum. Við verðum að hætta að leggja okkur svona fram um að misskilja hvert annað. Við verðum að hætta að gelta hvert á annað. Við fáum ekkert út úr því annað en hausverk. Við verðum að hætta að ætla þeim sem við erum ósammála hinar verstu hvatir. Við verðum að hætta að úthúða öðru fólki út af málefni á borð við þetta Icesave-mál þar sem ekkert okkar er gerandi og ekkert okkar tengist í rauninni neitt. Reynum heldur að rökræða um framtíð samfélagsins, hvernig við viljum hafa það, hvernig við viljum raða hlutunum: hvernig við hugsum okkur hið góða líf sem eigi að keppa að. Og hvernig þessari þjóð muni best vegna – í Evrópu, í samkrulli við Ameríku, eða bara ein úti í hafi. Við þurfum að finna út úr þessu. En það gerum við ekki með öskrum og óhljóðum heldur með því að tala saman.

Icesave þýðir 'frystikista'. Það kann að vera hentugur íverustaður fyrir dauð matvæli en fyrir lifandi fólk er þetta afleitur staður að verja dögum sínum. Hvernig sem fer þá er óskandi að við getum brölt upp úr henni og leyft sólinni að skína á okkur.

AF NETINU

Já

Mér er illa við að greiða skuldir aðrar en þær sem ég stofna til sjálfur. Meira að segja er mér er ekkert sérstaklega vel við að greiða mínar eigin, þótt ég geri það, en það er önnur saga. Þrátt fyrir þetta, ætla ég að segja já í atkvæðagreiðslunni um Icesave og rökin fyrir því eru einföld; ég vil ekki mismuna fólki eftir þjóðerni og ég vil losna við þetta mál út af borðinu því ég tel að lausn þess muni verða til þess að flýta efnahagsbatanum verulega mikið. Þeir sem ætla að segja nei við Icesave, gera það margir með þeim rökum að þeim beri ekki að greiða skuldir annarra og allra síst óreiðumanna en þau rök halda engan veginn. Við erum nefnilega á hverjum einasta degi að greiða skuldir annarra, miklu stærri skuldir en Icesave nokkurn tímann verður. Til dæmis allar inneignir íslenskra sparifjáreigenda sem ríkið pungaði út fyrir í Hruninu. Til dæmis gjaldprot Seðlabankans sem féll á ríkið. Og endurreisn fjármálakerfisins og þjóðfélagsins alls.

blog.eyjan.is/sludrid Björgvin Valur Guðmundsson

Fjallið mitt

Fjallið í lífi mínu er meðalfjall að stærð en það hefur allt sem gott fjall hefur upp á að bjóða, fegurð og hégóma. Það býr svo vel að hafa vatn við tætur sínar þar sem það speglar sig á sólríkum morgni þegar ekki bærast strá.

pressan.is/pressupennar/Lesa_Bubba Bubbi Morthens



Mora MMIX sturtusettt og tæki



GÆÐI ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Tilboðsverð
69.900,- kr.

HELSTU KOSTIR MORA MMIX:

- Engin sjáanleg samskeyti
- Þolir vægan mismunaprýsting
- Hitnar ekki að utan
- Brunaöryggi

MORA Í 25 ÁR Á ÍSLANDI

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 www.tengi.is
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050 tengi@tengi.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU
BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

m.visir.is
Fáðu Vísir í símann!

vísir



46

ROBERT DOWNEY JR. leikari er 46 ára
„Ég veit afskaplega lítið um leiklist. Ég er bara svo ótrúlega fær í að látast.“

Merkisatburðir 4. apríl

- 1581** Francis Drake lýkur hringferð sinni um heiminn og er aðlaður af Elísabetu I. Englandsdrottningu.
- 1897** Hið íslenska prentarafélag stofnað. Það er elsta starfandi verkafélag á Íslandi og er nú hluti af Félagi bókkagerðarmanna.
- 1949** Tólf þjóðir skrifa undir Norður-Atlantshafssáttmálann og mynda þannig Atlantshafsbandalagið (NATO).
- 1956** Alþýðubandalagið stofnað.
- 1964** Bítlnarnir eiga smáskífur í öllum fimm efstu sætum bandaríska Billboard-listans.
- 1968** Martin Luther King myrtur.
- 1975** Fyrirtækið Microsoft stofnað af Bill Gates og Paul Allen í Albuquerque í Nýju-Mexíkó.

ÞETTA GERÐIST: 4. APRÍL 1818

Stjörnur og strik verður til

Samþykkt var á bandaríska þinginu 4. apríl 1818 að bandaríski fáninn skyldi settur þrettán rauðum og hvítum röndum, sem táknuðu ríkin þrettán sem gerðu uppreisn gegn bresku krúnunni og mynduðu Bandaríkin 1776, og tuttugu stjörnum sem táknuðu þau ríki sem mynduðu ríkjasambandið á þeim tíma sem samþykktin gekk í gegn. Nýrri stjörnu skyldi svo bætt við í hvert sinn sem nýtt ríki bættist í hópinn. Í ályktun þingsins var tekið fram að

nýr fáni skyldi vera tilbúinn ekki síðar en á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna 4. júlí árið eftir að nýtt ríki bættist við Bandaríkin.

Sumir fánanna staldra skemur við en aðrir og níu þeirra hafa einungis verið í notkun í eitt ár. Núverandi fáni Bandaríkjanna er sá 27. í röðinni og 4. júlí árið 2011 hefur hann verið óbreyttur í 41 ár, lengst allra fána í sögu Bandaríkjanna.

Heimild: thepeoplehistory.com.



FATABÚÐIN VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG 95 ÁRA: BLÓMSTRAR SEM ALDREI FYRR

Frá trollarabuxum og enskum húfum í sérsaumuð rúmföt

„Fyrsta auglýsingin sem birtist frá fyrirtækinu er frá því í apríl 1916,“ segir Erla Ósk Lilliendahl, starfsstúlka í Fatabúðinni við Skólavörðustíg sem lagt hefur sig eftir því að kynna sér sögu fyrirtækisins. „Þar er verið að auglýsa ýmislegt eins og til dæmis trollarabuxur og enskar húfur, sem segir okkur í dag nú kannski ekki mikið. Upphafið hefur mér gengið illa að finna upplýsingar um en það er vitað að kona með eftirnafnið Brand stofnaði Fatabúðina í Hafnarstræti 18 árið 1916. Það hefur eflaust verið dálítið sérstakt á þeim tíma að kona færi út í slíkan rekstur en fyrirtækið blómstraði undir hennar stjórn og árið 1927 létur hún byggja húsið við Skólavörðustíg 27, þar sem verslunin er til húsa enn í dag. Fyrst um sinn var þetta hugsað sem útibú frá búðinni í Hafnarstræti, enda þótti óðs manns æði að opna búð hér nánast uppi í sveit. En reksturinn gekk vel og þessi kona rak búðina hér alveg til 1959 þegar faðir núverandi eiganda, Karólínu Sveinbjörnsdóttur, keypti hana. Hann hét Sveinbjörn Árnason og var vel þekktur verslunarmaður í Reykjavík þess tíma, hafði lengi starfað í verslun sem hét Haraldarbúð og margt eldra fólk man vel eftir.“

Sveinbjörn hafði aðrar áherslur í rekstrinum og smám saman þróaðist verslunin út í það að hætta að selja fatnað og einbeita sér að rúmfötum og vefnaðarvöru eins og gert er enn þann dag í dag. „Það kemur nú stundum inn til okkar fólk af eldri kynslóðinni og spyr um fatnað,“ segir Erla Ósk. „Enda þykir mörgum undarlegt að Fatabúðin selji ekki fót. Við flytjum okkar vefnaðarvöru mest inn frá Þýskalandi og leggjum mikla áherslu á gæði varanna sem við seljum sem er ástæðan fyrir því að verslunin hefur gengið eins vel og raun ber vitni. Fólk veit að það getur gengið að gæðunum vísam og að vörurnar okkar endast vel.“

Fatabúðin hefur á sínum snærum saumakonur sem sauma sængurfötin og býður jafnframt upp á þjónustu sem erfið er að fá annars staðar. „Já, við bjóðum upp á ýmsa þjónustu sem aðrir eru ekki með,“ segir Erla Ósk. „Til dæmis uppsetningu á harðangri og klaustri eða milliverki í rúmföt. Það hefur orðið mikil endurnýjun á áhuga



GOTT ÚRVAL Erla Ósk Lilliendahl afgreiðslustúlka og Karólína Sveinbjörnsdóttir, eigandi verslunarinnar, sinna afgreiðslunni.

á handverki almennt og það er töluvert um að fólk komi með milliverk sem það sjálft hefur heklað eða harðangur og klaustur sem það biður okkur að setja í sængurfötin.“

Er meiningin að fagna tímamótunum á einhvern hátt? „Við erum svona að

skoða það. Það er tiltölulega stutt síðan það rann upp fyrir okkur að búðin ætti þetta merkisafmæli og ekki alveg komið á hreint hvað við gerum. En við höldum upp á þetta á einhvern hátt, það er ekki spurning,“ segir Erla Ósk. fridrikab@frettabladid.is



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Þóra Hermansdóttir

andaðist 30. mars. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju kl. 13.30 fimmtudaginn 7. apríl.

Karl Stefánsson
Stefán Lárus Karlsson
Hermann Þór Karlsson
Snorri Karlsson
Rósa Karlsdóttir
tengdadætur og ömmubörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hreinn Óskarsson

múrari, Mýrarvegi 113, Akureyri,

lést fimmtudaginn 24. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. apríl kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlyningu á Akureyri.

Sigurjóna Kristinsdóttir
Margrét Kristín Hreinsdóttir
Agnea Björg H. Sandvold
Guðrún Hreindís Hreinsdóttir
Kristinn Hreinnsson
og afabörn

Sigurður Valur Ingólfsson
Jon Christian Sandvold
Kolbrún Jónsdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu hlýð og samúð við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Páls Þorleifssonar

fyrirum húsvardar í Flensborgarskólanum.

Sérstakar þakkir flytjum við starfsfólki og vinum hans á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir hlýtt og gott viðmót og umönnun. Karalakórnum Þróstum eru færðar þakkir fyrir fallegan söng við útförina.

Kristín Ína Pálsdóttir
Þóra Gréta Pálsdóttir
og fjölskyldan.

Magnús R. Aadnegard
Magnús J. Sigbjörnsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Gáfu ágóða af tónleikum

Kór Fjölmennar á Selfossi, sem skipaður er fötluðu fólki, afhenti nýlega Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna 184.500 krónur. Var það ágóði af tónleikum sem kórinn hélt með tónlistarmanninum Bubba Morthens.

Kór Fjölmennar hefur gegnum árin tekið sér ýmislegt skemmtilegt fyrir hendur. Til dæmis haldið tónleika með Ingó Veðurguði, gefið út geisladiska og farið í söngferð til Englands með Valgeiri Guðjónssyni auk þess sem gerð hefur verið heimildarmynd um kórinn.

Síðastliðið haust var ákveðið að æfa lög eftir Bubba. Kórstjórnin, Gylfi Kristinnsson, bað Bubba að syngja með kórnum og tók hann afskaplega vel í þá

hugmynd. Þegar Bubbi neitaði að taka greiðslu fyrir sönginn kom upp sú hugmynd að láta hagnað af aðgangseyri tónleikanna renna til góðs málefnis, og varð Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna fyrir valinu. Tónleikarnir fóru fram í Hvíta húsinu á Selfossi 16. mars og fékk kórinn aðstoðu og aðgang að hljóðkerfi endurgjaldslaus. Fullt var út úr dyrum, Bubbi lék á als oddi og hafði á orði eftir tónleikana að kórinn hefði komið sér verulega á óvart.

Í vikunni mætti síðan Óskar Örn Guðbrandsson, formaður styrktarfélagsins, á æfingu kórsins í Karla-kórshemilinu og tók við ávísun frá glaðværum kórnum.



GÓÐ GIÖF Gladlegir kórfeagar með Óskari Erni, formanni Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.



Íslandsstofa, Hönnunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök iðnaðarsins auglýsa eftir umsóknum um þátttöku í þróunarverkefninu Hönnun í útflutning. Markmið verkefnisins er að leiða saman hönnuði og fyrirtæki í samvinnu um hönnun og framleiðslu á útflutningsvörum. www.honnunarmidstod.is

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

ArtiTea
STATE OF THE ART HANGING SYSTEMS

Mynda-upphengibrautir sem hafa þann kost að ekki þarf að negla í vegg og er mjög auðvelt að breyta uppröðun eða bæta við myndum.

**LISTALAGERINN
JARN&GLER**

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Kaupstefnan DesignMatch á HönnunarMars er stökkpallur fyrir íslenska hönnuði.


Íslensk hönnun er ferskust

HönnunarMars DesignMarch 24.-27.03.2011

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TECE

Ideal
STANDARD



Upphengt salerni með innbyggðum kassa



**Tilboð
45.000**

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

Hvert í heiminum ferðu til að finna nýja kynslóð hæfileikaríkra hönnuða? New York, Parísar, Berlínar eða Kaupmannahafnar? Nei, til Íslands!

Eitthvað á þessa leið skrifaði danska hönnunarfyrirtækið Normann Copenhagen á bloggsíðu sinni, spottedbynormanncopenhagen.com, þriðjudaginn 23. mars. Útsendarar fyrirtækisins voru svo mættir hingað á HönnunarMars á höttunum eftir því ferskasta. Þeir hittu hóp íslenskra hönnuða á kaupstefnunni DesignMatch, sem Hönnunarmiðstöð stóð fyrir nú í annað sinn en DesignMatch er að festa sig í sessi sem stökkpallur íslenskra hönnuða á erlendan markað.

„Á þriðja tug verkefna fengu viðtal við þau fyrirtæki sem komu hingað, gagnert til að leita uppi nýjar vörur. Síðsumars kemur í ljós hvort og hvaða verkefni fá samning,“ segir Greipur Gíslason hjá Hönnunarmiðstöð Íslands og verkefnastjóri HönnunarMars. Hann segir jafnframt erlendu gestina hafa verið hrifna af skipulagi kaupstefnunnar og jákvæð ummæli, eins og þau á bloggsíðu Normann Copenhagen, hafi ýtt undir áhuga fleiri erlendra framleiðenda á íslenskri hönnun.

„Þeim fannst frábært að allir mættu senda inn kynningu á vöru sem Hönnunarmiðstöð sendi svo á fyrirtækin, áður en þau komu til landsins. Fyrirtækin völdu hvaða hönnuði þau vildu hitta og við

skipulögðum fundi. Það að hönnuðurinn gæti hitt framleiðendur í sínum heimabæ og nýtt fundinn eins og hann vildi þótti þeim frjálst og afslappað,“ segir Greipur „Fyrirtæki sem sáu sér ekki fært að mæta í ár hafa mikinn áhuga á að vera með næst. Við reiknum með að verkefnið eigi eftir að stækka.“

Yfir 38.000 vörur eru seldar undir nafni Normann Copenhagen í yfir 77 löndum. Þrjár íslenskar vörur eru nú í sölu hjá fyrirtækinu eftir DesignMatch í fyrra: Snagar og hitaplatti eftir Bryndísi Bolladóttur og snagar eftir Helgu I. Sigurbjarnadóttur. Heimasíða fyrirtækisins er www.normanncopenhagen.com.

heida@frettabladid.is

Fermingartilboð

Gerð **GÆÐA-** og verðsamanburð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

SAGA
Stærð Verð áður Verð nú
120x200 131.880 kr. **109.900 kr.**

IQ-CARE
Stærð Verð
120x200 **164.900 kr.**

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



Woopy kallast þessi stóll sem hönnuðurinn Karim Rashid hefur hannað fyrir ítalska húsgagnamerkið B-Line. Stóllinn er úr plasti og mótaður í heilu lagi. www.dezeen.com

SPANHELLUBORÐ Á SPENNANDI VERÐI!

ZEPA

Komdu og skoðuðu raftækjaufrvalið í Friform

580x550mm

AÐEINS KR. 109.900

friform.is Mán. - föst. kl. 09-18 Laugardaga kl. 11-15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



Leit stendur yfir að byggingu ársins. Leitin fer fram í tilefni af Hátið byggingalistar heimsins (The World Architecture Festival), sem haldin verður í Barcelona í byrjun nóvember. Sú bygging sem var útnefnd í fyrra var Þjóðarsafn listar 21. aldar eftir Zaha Hadid Architects MAXXI.

www.ai.is



Stundum koma beiðnir til presta um húsblessun vegna þess að fólk upplifir eitthvað vont í húsnæðinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Húsblessun ekki óalgeng

Svokölluð húsblessun er hluti af þjónustu presta og hérlandis hafa prestar þjónustað í slíkum athöfnum, bæði þegar fólk flytur inn en einnig þegar fólk upplifir óþægindi, jafnvel reimleika, á heimilinu.

„Það er miklu algengara að fólk láti blessa hús sitt heldur en vitneskja er um og unga fólk vill það mjög gjarnan. Þetta er yndisleg athöfn, einföld og góð,“ segir Anna Sigríður Pálsdóttir, prestur í Dómkirkjunni. Húsblessun er hluti af þjónustu presta og í helgisíðabók þeirra er ákveðið húsblessunarfórm sem farið er eftir. Prestar hérlandis sinna bæði húsblessun þegar fólk er nýflutt inn, oft í tengslum við heimaskírnrir og einnig koma reglulega fram beiðnir um blessun presta frá fólki sem finnst það upplifa einhvers konar óværu á heimilinu eða hreinlega reimleika.

„Ég var orðin fimmtug þegar ég varð prestur og það kom mér mjög á óvart, hversu algeng fyrirspurn um húsblessun er. Sjálf er ég af 68-kynslóðinni og athafnir sem þessar voru fjarri okkur unga fólkinu þá. Þess vegna finnst mér svolítið sérstakt og gaman að því að fólk skuli vilja þetta í dag,“ segir Anna Sigríður. Hún bætir við að stundum komi beiðnir frá fólki sem finnst það upplifa eitthvað vont í húsnæðinu, einhvern anda.

Þjónusta presta snýst þó ekki um að „reka burt illa anda“ heldur lesa þeir úr ritningu, fara með bæn og blessa. Sagan um tollinnheimtumanninn Sakkeus sem fór upp í tré til að sjá Jesú er til að mynda lesin, þar sem Jesú segir að hann muni koma og vera í húsi Sakkeusar. Anna Sigríður segist oft hafa heyrt af því að fólki finnst það finna mun eftir slíka athöfn enda geti óttinn líka verið ótrúlegur fangavörður. Það sé líka jákvætt að fólk upplifi að það geti komið og tjáð vandræði sín opinskátt. „Börn eru mjög næm og þau hafa stundum orðið hrædd. Ég hef farið á heimili þar sem börnum leið óþægilega í einhverjum ákveðnum herbergjum og þá hafa þau tekið þátt í athöfninni. Slík þáttataka verður ekki til þess að hræða þau, heldur einmitt til þess að hjálpa þeim að sigrast á óttanum.“

Kröftug bæn megnar mikið
Séra Karl Valgarður Matthíasson,



Gísli Jónasson



Karl V. Matthíasson



Anna Sigríður Pálsdóttir



Jóna Hrönn Bolladóttir

vímuvarnarprestur og þjónar einnig að hluta við Guðríðarkirkju, hefur blessað hús allan sinn prestskap, 25 ár. „Í gegnum tíðina ber þetta við hjá mér kannski tvisvar til þrisvar á ári. Ég hef komið inn í aðstæður þar sem virkilegur og djúpur ótti hefur verið í fólkinu, eins og því hafi fundist eitthvað illt vera í kringum sig. Maður kemur á

kirkjuprest, séra Vigfús Þór Árnason í Grafarvogskirkju, séra Jónu Hrönn Bolladóttur og Gísli Jónasson, prófast í Breiðholti, sem tóku í sama streng og sögðust af og til fá beiðnir þar sem fólk bæði prest um að koma á heimili þar sem einhvers konar óra gætti og fólk væri hrætt. Jóna Hrönn segist einnig muna eftir því að maður hafi

Ég var orðin fimmtug þegar ég varð prestur og það kom mér mjög á óvart, hversu algeng fyrirspurn um húsblessun er.

staðinn og fer með bænir með fólkinu og biður guð að láta helga engla sína vera á þessum stað. Máttur bænarrinnar er ótrúlegur og óendanlega mikill,“ segir Karl og brosir.

Ef fólk upplifir eitthvað óþægilegt á heimilinu, hvernig ber það sig að? „Yfirleitt kemur fólk og talar við prestinn. Stundum getur þessi vanlíðan verið andlegir erfiðleikar en svo getur það líka verið eitthvað óútskýrt og ekki tengt innri líðan fólks. Þá kemur prestur gjarnan á heimilið. Ég hef gert þetta þannig að ég signi við dyr hvers herbergis,“ segir Karl. Hann segist hafa komið inn í erfiðar aðstæður, meðal annars þar sem fólk hafði flúið heimilið. Óróinn á heimilinu hvarf eftir blessunina og fólk gat flutt aftur heim.

Húsblessun í innflutningsgjöf
Fréttablaðið hafði samband við fleiri presta, Hjálmar Jónsson dóm-

komið til sín og fengið hana til að veita húsblessun sem innflutningsgjöf fyrir kærustu sína.

Gísli sagðist hafa farið inn í mjög erfiðar aðstæður þar sem fólk hafði upplifað mikla reimleika. „Það er auðvitað ekki eins algengt að fólk biðji um húsblessun vegna þess að því líður illa á heimilinu, en það kemur af og til fyrir að fólk biður um að eitthvað sé hreinsað út. Og ekki bara af einkaheimilum, ég hef til að mynda farið á leikskóla fyrir mörgum árum þar sem mikið ósamlyndi ríkti og það varð til þess að samskiptin urðu betri. Mér eru nokkur atvik mjög eftirminnileg og ég hef einu sinni lent í verulegum átökum þar sem ég snarsvitnaði við blessunina. Ég hefði ekki trúað þessu sjálfur, haldið að þetta væri della fyrr en ég reyndi. En heimilisfólk var þar greinilega að upplifa eitthvað meiriháttar illt,“ segir Gísli og bætir við að ástandið hafi snarbatnað að blessun lokinni.

Ný þáttaröð sjónvarpsstöðvarinnar Discovery Channel um særingar sem er í vinnslu hefur valdið úlfabýtt innan katólsku kirkjunnar. Forsvarsmenn sjónvarpsstöðvarinnar lýstu því nefnilega yfir að þeir ynnu þættina í samvinnu við Vatíkanið og hefðu fengið aðgang að leyniskjölum særingamanna þess við vinnsluna. Þessu neita forsvarsmenn Vatíkansins harðlega og segja slíkt aldrei hafa komið til greina, enda hafi það enga sérþjálfaða særingamenn á sínum snærum.



Heimild: datelinezero.com

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

nettoline
ELDHÚS-BAD-ÞVOTTAHÚS-FATASKAPAR

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRETTINGUM OG 10% AÐ AUKI SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN

friform.is Mán. - föst. kl. 09-18 Laugardaga kl. 11-15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið



GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Allt að verða uppselt!

Nú sárvantar fleiri eignir á söluskrána.

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.

Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.



heimili
FASTEIGNASALA



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

Vantar eignir á skrá í 101 miðbæ Rvk

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

audur@remax.is

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



Húsið er 268,8 fm að meðtöldum 40 fm innbyggðum bílskúr.



Húsið er allt innréttað á stórglæsilegan máta.

Glæsilegt hús í Ásahverfi

Fasteignasalan Torg hefur til sölu stórglæsilegt einbýlishús við Skrudás í Garðabæ.

Húsið er 268,8 fm að meðtöldum 40 fm innbyggðum bílskúr. Það er á þremur þöllum og með einstöku útsýni.

Allar innréttingar eru samræmdar í húsinu, teiknaðar af Halldóru Vífils og smíðaðar af Sérverki. Hnota er í innréttingum og hurðum og mikið er um sérsmíðaða skápa og hirslur í herbergjum og opnum rýmum sem fylgja með. Garður er fallegur, fullfrægenginn og viðhaldslitill með fallegum gróðri, veröndum og skjólveggjum.

Húsið stendur neðan við götu og er óhindrað út-

sýni út á sjó, meðal annars til Bessastaða, að Snæfellsjökli og víðar. Allar nánari upplýsingar veitir Hafdís Rafnsdóttir sölustjóri.

Húsið er á þremur þöllum. Á fyrsta pallinum er forstofa, svefnherbergi, gestasalerni með sturtu, eldhús með tvöföldum ísskáp og tveimur ofnum. Skáli er við hlið eldhúss og þaðan er úngengt á aflokaða suðurverönd og svalir í norður. Inn af eldhúsi er vinnuherbergi.

Á palli 2 eru glæsilegar stórar stofur með arni og gengt út á svalir. Á palli 3 er aðalbadherbergið, hjónaherbergi, sjónvarpsherbergi og eitt svefnherbergi. Inn af herberginu er opið rými sem er í dag nýtt sem vinnuástaða. Verð: 94,9 milljónir.



Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Klapparhlíð - 270 Mosfellsbær



Mjög falleg 87,5 m², 3ja herbergja endaíbúð á 1. hæð með sér inngangi og stórrí timburverönd í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, eldhús, stofu, badherbergi, þvottahús og geymslu innan íbúðar. Frábær staðsetning, stutt í skóla, leikskóla, sund og World Class.
V. 21,9 m. 5222

Leirvogstunga 10 - Einbýlishús



Flott 199,2 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Leirvogstungu 10 í Mosfellsbæ. Bjart og rúmlegt hús með fallegum innréttingum og gólfefni. Mikil lofthæð með fallegri lýsingu er í húsinu. ca. 50 m² afgirt timburverönd í suðvesturátt. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 39,5 m. 5149

Tröllateigur - 270 Mosfellsbær



Falleg 4ra herbergja 100,7 m² íbúð á 2. hæð í 2ja hæða fjölbýlishúsi við Tröllateig 47 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, badherbergi með badkari og sturtu, þvottahús, þrjú svefnherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir einnig 7,2 m² sérgeymsla. Þetta er falleg eign miðsvæðis í Mosfellsbænum. V. 24,9



Blikahöfði - 270 Mosfellsbær
Stór glæsileg og vel skipulögð 115,8 m² 4 herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og stórum lokuðum palli. Íbúðin er í góðri vel staðsettri blokk sem er nálægt skóla, leikskóla, sundlaug, World Class og golfvelli. Með íbúðinni fylgir 29,2 m² flisalagður endabílskúr með góðri lofthæð og hurðaoþnara.
V. 29,5 m. 5210



Reykjabyggð - 270 Mosfellsbær
Glæsilegt 144,- fm einlyft einbýlishús ásamt 53 fm bílskúr sem er nýttur að hluta sem íbúðarymi. Undir bílskúrum er 53 fm kjallari. Húsið er því alls 250 fm á 860 fm verðlaunalóð með stórrí verönd, heitum potti, stórrí hellulagðri upphitaðri innkeyrslu.
V. 57,0 m. 3530



Laugarnesvesvegur - 105 Reykjavík
Falleg 3-4ra herbergja íbúð á 1. hæð í 4ra hæða fjölbýli við Laugarnesveg í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, flisalagð badherbergi, barnaherbergi, gott hjónaherbergi, lokað eldhús og tvær samliggjandi stofur.
V. 22,5 m. 5211

Arahólar - 111 Reykjavík



Falleg og mikið endurnýjuð 102,7 m², 4ra herbergja íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi, ásamt 26,3 m² bílskúr við Arahóla 2 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofuhol, 3 svefnherbergi, eldhús með borðkrók, badherbergi með badkari og tengi fyrir þvottavél, stofu, borðstofu og yfirbyggðar svalir með glæsilegu útsýni. Íbúðinni fylgir 5,3 m² sér geymsla á jarðhæð. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 19,9 m.

Hlíðarvegur - 200 Kópavogur



Mjög falleg 66,1 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 2. hæða litlu fjölbýlishúsi, ásamt 21,8 m² bílskúr við Hlíðarveg 22 í Kópavogi. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, eldhús, badherbergi og stofu. Íbúðinni fylgir sér geymsla á kjallara. Fallegt útsýni. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 18,9 m.

Hringbraut - 107 Reykjavík



57,6 m², 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli við Hringbraut 75 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í gang, eldhús, badherbergi og stofu með svölum. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 11,9 m.

Kringlan 5 hæð - 103 Reykjavík



Góð 277,9 m² skrifstofuhæð á 5 hæð í stóra turni Kringlunnar. Hæðin er vel innréttað og björt. Lofthæð góð og útsýni er fallegt. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 49,9 m.

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Opið virka daga frá kl. 9-17



Ingólfur Gissurarson
s: 896-5222
Lögg.fast.Sali.

Bárður Tryggvason
s: 896-5221
sölustjóri

Heiðar Friðjónsson
s: 693-3356
Lögg.fast.Sali.

Ellert Róbertsson
s: 893-4477
sölumaður

Erlendur Davíðsson
Löggiltur
fasteignasali.

Sigþór Bragason
s: 899-9787
Lögg.fast.Sali.

Jón Rafn Valdimarsson
s: 695-5520
Lögg.fast.Sali.

Margrét Sigurgeirsdóttir
s: 866-1515
skrifstofustjóri.

Pétur Jóhannsson Sölum.
Snæfellsbæ/nes
Sími:893-4718

Pórarinn Friðriksson Sölum.
Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

Höfum ýmsar gerðir eigna á skrá. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

Klukkuvellir 42,46, 48og 50



OPIÐ HÚS

